

BSRB tíðindi

Mái 2010 / 1. tölublað / 19. árgangur



Viðtal við nýjan formann
Standa vörð um almannajónustuna
Störfin sem mestu skila
Samstaðan mikilvægust núna
Þurfum að vera þolinmóð
Frjáls í réttlátu samfélagi
Kjörin verði jöfnuð
Yfirheyrslan

Efnisyfirlit

Fyrst og fremst þarf að standa vörð um almannþjónustuna	
Elín Björg Jónsdóttir formaður BSRB	4
Störfín sem mestu skila	8
Samstaðan mikilvægust núna	
Ragna Ágústsdóttir, sjúkraliði á bæklunardeild Landspítalans	12
Purfum að vera þolinmóð	
Lárus Rögnvaldur Haraldsson, atvinnuráðgjafi í Hinu húsinu	12
Kjörin verði jöfnuð	
Torfi Þorsteinsson, fyrrverandi deild- arstjóri hjá Íslandspósti	13
Yfirheyrslur	
Halldór Halldórsson – formaður Sambands íslenskra sveitarfélga	14
Margrét Kristmannsdóttir – formaður Samtaka verslunar og þjónustu og framkvæmdastjóri Pfaff	15
Launamunur kynjanna minnkar, en hverfur seint	16
Frelsi í réttlátu samfélagi	18
Ögmundur Jónasson	18
Vinnuvernd og áhættumat starfa	20
5 leiðir fyrir atvinnulausa 18–25 ára	21
Vinnan stór hluti af sjálfsmynd einstaklingsins	
Virk- Starfsendurhæfingarsjóður	22
Orlofshús BSRB í Borgarbyggð	24
Fyrstu hóparnir útskrifaðir úr trúnaðar- mannanámi BSRB og FA	26
Lausir samningar hjá fimm aðildarfélögum BSRB	28
Lífandi starf á vegum BSRB	30

Hver og einn skiptir máli

Það eru umbrotatímar í íslensku samfélagi. Yfir okkur hafa dunið meiri áföll en við höfum áður upplifað á lýðveldistímanum. Nýleg skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis leiddi í ljós alvarleg mein sem skotið höfðu rótum í íslensku samfélagi. Ljóst er að ráðast verður í róttækt endurmat og víðtæka hugarfarsbreytingu í kjölfarið. Innleiða verður nýtt gildismat í stjórnsýslu, stjórnmal og atvinnulífið allt. Hindra verður með öllum ráðum að slíkir veikleikar í samfélagsgerðinni geti grafið um sig á ný.

Þegar grunnstoðir bresta þá hitta afleiðingar þá fyrir sem síst skildi. Heimilin bera þyngrri byrðar. Matur, föt og húsnæði – allt hækkar þetta. Án aðgerða er útil fyrir að fjöldi fjölskyldna sitji fastar í fátæktargildru, þar sem að tekjur duga ekki bæði fyrir greiðslubyrði lána og rekstri heimilanna.

Bankahrunið þýðir að tekjur ríkis og sveitarfélaga dragast saman á sama tíma og þau taka á sig aukna skuldabyrði. Glannaskapur og ábyrgðarleysi fárra setur þannig óhjákvæmilega mark sitt á samneysluna. Margir þeirra sem bera mesta ábyrgð á hrununni lögðu lítið til samfélagsins. Þeir fluttu auð sinn úr landi, skilðu ekki sköttum og skyldum, eða gáfu aðeins upp fjármagnstekjur. Það skyldi engan undra að almenningi sviði slík mismunun.

um að finna skástu leiðina í gegnum þessar þrengingar. BSRB hefur þar ríku hlutverk að gegna. Mikilvægast af öllu er að tryggja að sú góða almannþjónusta sem veitt er á Íslandi haldi áfram. Vel mannað og þróttmikið velferðarkerfi er okkur enn mikilvægara á erfiðum tímum. Það er ekki síst nú sem gæta þarf að öryggisneti almannþjónustunnar. Gisið öryggisnet verður okkur mun dýrkeyptara en tímabundinn halli á ríkissjóði. Við viljum búa við eitt samfélag fyrir alla. Við viljum atvinnulíf sem veitir fólki atvinnu við hæfi. Við viljum menntakerfi sem stendur öllum opið. Við viljum njóta lífsins og ævkvóldsins – áhyggjulaus og heil heilsu.

Nýtt Ísland verður ekki byggt á þeirri hugmyndafræði sem hrundi. Við höfum séð hvað gerist þegar allt snýst um kapphlaup eftir efnislegum gæðum. Við þurfum að skoða okkur sjálf og skoða hvað við getum lagt af mörkum til heildarinnar. Með samheldni og þrautgæði komumst við í gegnum þetta.

1. maí safnast launafólk um allan heim saman til að leggja áherslu á kröfur sínar um réttlátt samfélag. Þessi fyrsti maídagur ársins 2010 hefur táknræna þýðingu fyrir okkur sem búum á Íslandi. Þetta er 1. maí í endurreisn og uppbyggingu á nýju og betra samfélagi – þar sem hver og einn skiptir máli.

*Elín Björg Jónsdóttir
Formaður BSRB*





BSRB félagar

Mætum öll á baráttufundinn

Dagskrá 1. maí í Reykjavík 2010

- Safnast saman á Snorrabraut fyrir neðan Hlemm kl. 13.00
- Lúðrasveit verkalýðsins og Lúðrasveitin Svanur leika nokkur lög
- Gangan leggur af stað kl. 13.30
- Gengið niður Laugaveg, Bankastræti, Austurstræti og inn á Austurvöll
- Lúðrasveit verkalýðsins og Lúðrasveitin Svanur leika fyrir göngu
- Ræðumenn flytja örræður meðan gangan stendur yfir
- Útifundur á Austurvelli hefst kl. 14.10
- Kakó í boði og leiktæki fyrir börn
- Útifundi lýkur kl. 15.00

Ávarp fundarstjóra Rannveig Sigurðardóttir, verslunarmaður í VR

Ræða Sigurrós Kristinsdóttir, varaformaður Eflingar

Ræða Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB

Ávarp Þorkell Einarsson, formaður Samband íslenskra framhaldsskólanema

Tónlist Hjaltalín

Fundarstjóri slítur fundi „Internationalen“ sunginn
Lúðrasveit verkalýðsins og Lúðrasveitin Svanur leika undir

Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík • BSRB • Bandalag háskólamanna •
Kennarasamband Íslands • Samband íslenskra framhaldsskólanema



Fyrst og fremst þarf að standa vörð um almannajónustuna

Elín Björg Jónsdóttir var kjörin formaður BSRB á þingi bandalagsins síðastliðið haust. Hún er fyrsta konan til að gegna embætti formanns BSRB en jafnframt tekur hún við forystu í samtökunum við mjög sérstakar aðstæður í íslensku samfélagi. Elva Björk Sværriðóttir blaðamaður ræddi við Elínu Björgu um verkefni framundan.

Þú tekur við BSRB á mjög erfiðum tíma í samfélaginu. Hvað myndirðu segja að væru brýnustu verkefni núna?

„Fyrst og fremst þarf að standa vörð um almannajónustuna. Brýnustu verkefni eru að ná sátt um forgangsróðun verkefna sem almannajónustan á að sjá um. Allir vita að það eru ekki miklir peningar í ríkissjóði. Því þarf að fara mjög vel með þá fjármuni sem ríkissjóður ver til almannajónustunnar. Þá skiptir öllu máli að það sé opin og heiðarleg umræða um velferðarkerfið, hvaða verkefni eru brýnust og hvaða verkefni geta beðið,“ segir Elín Björg.

Mikilvægast sé að komast í gegnum þann ólgusjó sem nú ríki með sem minnstum skaða. „Það er verkefnið sem við erum með í fanginu. Arfur sem ég fæ frá tíð Ögmundar Jónassonar er að standa vörð um almannajónustuna, heilbrigðis- og menntakerfið, öryggis- og löggæsl-

una og að ógleymdri félagslegri þjónustu sveitarfélaga.“

Hvað gerir BSRB og fyrir hvern vinna samtökin?

„BSRB eru hagsmunasamtök opinberra starfsmanna. Þau vinna fyrst og fremst fyrir aðildarfélög sín og félagsmenn þeirra,“ segir Elín Björg, en 27 stéttarfélög eiga aðild að samtökunum. „BSRB er regnhlífarsamtök félaganna. BSRB er málsvari opinberra starfsmanna gagnvart viðsemjendum, ríki, stofnunum og sveitarfélögum, er varða réttindi og kjör,“ segir Elín Björg.

Er það stefna ykkar að vera sýnileg í þjóðfélaginu?

„Við teljum að við eigum að vera sýnileg gagnvart þeim málaflokkum sem varða félagsmenn okkar, en ekki síður að standa vörð um velferð-

arkerfið og almannajónustuna, sem er að stærstum hluta unnin af félagsmönnum okkar, opinberum starfsmönnum.“

Hvernig er hægt að verja velferðarkerfið?

„Við þurfum að koma okkur saman um forgangsróðun verkefna. Er mikilvægast af öllu að sinna þeim sem eru sjúkir? Er mikilvægast að tryggja að fjölskyldur falli ekki niður úr öryggisneti í fátæktargildrum?“ spyr Elín Björg. Það sé mat BSRB að um þessa þætti verði að standa vörð. „Í staðinn verður eitthvað undan að láta og við verðum að koma okkur saman um hvaða verkefni megi bíða þar til við erum komin yfir erfiðasta hjallann.“

Finnst þér stjórnvöld vega hættulega að velferðarkerfinu með sínum aðgerðum síðustu mánuðina?

„Ég hef verið mjög hugsí vegna aðgerða,“ segir Elín Björg og tekur fæðingarorlofið sem dæmi. Þrisvar sinnum undanfarin misseri hafa greiðslur í fæðingarorlofi verið skertar. „Ég tel að ef átt verður meira við þetta kerfi þá sé búið að eyðileggja það. Þetta er ein af þeim jafnréttisaðgerð-

um sem við Íslendingar höfum verið hvað stoltust af. Þegar búið er að ganga svo nærri markmiðum laganna, sem voru jú að tryggja börnum og foreldrum samvistir og samræmingu fjölskyldu og atvinnulífs eins og hefur verið gert, er það spurning hvort þau markmið standi enn. Við verðum að staldra við og hugsa okkar gang. Við þurfum að spyrja okkur hvort skerðingin sé svo mikil að hún verði í raun afturför í jafnréttismálum.

Málið snúist ekki bara um greiðslur í fæðingarorlofinu, heldur líka um jafnfrétti kynjanna og aðkomu þeirra að uppeldi barnanna.

Afar mikilvægt sé að verkalýðshreyfingin og samtök eins og BSRB eigi aðild að ákvörðunum þegar að niðurskurði kemur. „Við getum komið með góðar ábendingar og vonandi verður tekið tillit til sjónarmiða BSRB þegar ákvarðanir eru teknar. Ég tel það afar mikilvægt þó að ábyrgðin sé auðvitað stjórnvalda,“ segir Elín Björg.

Þú hefur sagt að víða megi eflaust spara hjá hinu opinbera, þótt sumstaðar megi alls ekki skera niður. Hvar má spara?

„Það er vandsagt hvar má spara og skera niður. BSRB hefur hins vegar boðið fram krafta sína til að taka þátt í þeirri vinnu. Ekki til þess að bera ábyrgð á því heldur til þess að koma sjónarmiðum starfsmanna og þeirra sem þessum störfum sinna í almannajónustunni, til skila. Það þarf að taka tillit til

þeirra sem vinna á gólfinu og vita hverjar aðstæður fólks eru. Verkefnum fækkar ekki, það þarf eftir sem áður að sinna gamla fólkinu og þeim sem eru lasnir eða þurfa aðstoð. Núna eru hins vegar færri hendur að vinna sömu störf og undirmönnunin og minna fjármagn veldur auknu álagi,“ segir Elín Björg. Hún sé sannfærð um að útkoman í niðurskurði verði betri komi verkalýðshreyfingin að málum.

Komi til mikillar sameiningar ríkisstofnana, líkt og forsætisráðherra ræddi um í vor, kveðst hún vonast til þess að peningarnir verði notaðir í að verja almannajónustuna sem væntanlega sparast.

Er mögulegt að efla almannajónustuna eins og er?

„Ég held að verkefnið í almannajónustunni nú snúist fyrst og fremst um forgangsröðun,“ segir Elín Björg. Í raun megi líkja ástandinu í þjóðfélaginu við venjulegan heimilisrekstur. „Ef það er tekjusaðráttur förum við ekki út í stórfelldar framkvæmdir heldur sniðum okkur stakk eftir vexti. Ríkissjóður er ekkert öðruvísi en hver annar sjóður. Við eigum hann saman og ákveðum saman hvað er mikilvægt að gera hverju sinni.“

Um 70% félagsmanna í BSRB eru konur. Margar þeirra vinna svonefnd velferðarstörf, s.s. við umönnunarstörf og kennslu. Rætt hefur verið

*Um 70%
félagsmanna
í BSRB eru
konur*

Félagsstörfin hennar ær og kýr

Elín Björg man ekki eftir sér öðruvísi en að hafa haft áhuga á félagsstörfum. „Ég hef fyrst og fremst áhuga á kjaramálum og réttindum,“ segir hún. Að þeim hefur hún bæði starfað víða og lengi, en lengst af sinni starfsævi hefur Elín Björg verið opinber starfsmaður.

Feril sinn hóf hún hjá Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar og varð fljótlega trúnaðarmaður hjá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. „Þá færði ég mig til Vegagerðarinnar og vann þar við skrifstofustörf. Þá varð ég trúnaðarmaður fyrir SFR. Svo flutti ég austur fyrir fjall og varð starfsmaður á skrifstofu sveitarfélagsins Ölfuss. Ég var þar í fimmtán ár, fyrst var ég trúnaðarmaður en varð fljótlega formaður félagsins. Ég fékk svo lausn frá störf-



um þar og varð formaður Félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi, en því starfi gegndi ég í um fimmtán ár. Jafnframt var ég formaður Samflots bæjarstarfsmannafélaga, sem er samstarfsvettvangur bæjarstarfsmannafélaga við gerð kjarasamninga við ríki og sveitarfélög. Jafnhliða þessu var ég kosin í stjórn BSRB. Þar gegndi ég fyrst ritastarfi og á síðasta kjörtímabili varaformennsku. Síðastliðið haust var ég svo kosin formaður BSRB.“

um að leggja meiri peninga í almenna vinnu- markaðinn, t.d. með því að lifeyrissjóðirnir stofni sérstaka fjárfestingarjóði. Eru störf kvenna í hættu í kreppunni frekar en störf karla?

„Í byrjun kreppunnar voru það störf í bygging-
ariðnaði sem hurfu fyrst, enda hafði aukningin
þar verið langmest á uppgangstímanum. Þetta
voru að stærstum hluta störf karla. Ef farið verð-
ur í mikinn niðurskurð hjá ríki og sveitarfélögum
og minnkað fjármagn til stofnana, er alveg ljóst
að það mun bitna á konum. Það sem þá er
hættulegast er að konur sem vinna umönnunar-
störf, verði í umönnun heima fyrir án þess að
fá fyrir það laun. Með því værum við að fara
marga áratugi aftur í tímann í jafnréttisbarátt-
unni.

Hún bendir á að niðurskurður á einum stað
geti kallað á aukinn kostnað annars staðar. „Þetta
er auðvitað allt úr sama sjóðnum, ríkissjóði,“
segir hún. „Þótt störfum við umönnun fækki
minnkar ekki þörfin á þjónustunni. Ég held þvert
á móti að svona tímar kalli á frekari umönnun.
Það eina sem gerist er að færri verða að sinna
þeim sem á þurfa að halda, inni á spítölum, leik-

búið er að segja og skrifa á undanförunum árum.
Ekkert í okkar stjórnkerfi sýnir af hverju þessi
launamunur er. Það er ekki í lögum, í kjarasam-
ningum eða í reglugerðum. Þetta er nokkuð sem
á sér stað þar fyrir utan. Það er ekki nóg að setja
leikreglur, það dugar greinilega ekki,“ segir Elin
Björg.

Svo virðist sem launamunur kynjanna sé fól-
ginn í ákveðinni hugsun sem þurfi að útrýma.
„Vonandi tekst okkur að útrýma honum. Það er
eyðileggiandi að fólki sé mismunað eftir kyni.
Það er algerlega óviðunandi og ljóður á okkar
samfélagi að þetta skuli enn vera svona.“

Hvernig getur BSRB beitt sér í þessu máli?

„Allir innan BSRB hafa mikinn áhuga á að koma
því til leiðar að launamunur kynjanna verði liðin
tíð. Til þess þarf hugarfarsbreytingu í öllu samfé-
laginu. Að því viljum við vinna

Mikið hefur verið rætt um skuldastöðu heim- ilanna. Hvað finnst þér um lausnir sem hafa verið ræddar á þessum skuldavanda?

„Það er ábyggilegt að margir geta staðið í skilum
með sínar afborganir og sín lán. En það eru líka
mjög margir sem sjá fram á verulega erfiðleika
og við eigum fyrst og fremst að horfa til þess
hóps.“ Lausnirnar þurfi að vera einfaldar og skýr-
ar. Fólk verði að vita hvert það á að leita í fjár-
hagserfiðleikum sínum.

Eru þau úrræði sem eru í boði réttlát?

„Ég held að það sé ekkert réttlæti í samfélaginu í
dag hvað varðar fjármál.“

Telur þú að sveitarfélögin geti aðstoðað fólk í vanda?

Sveitarfélögin hafa miklar skyldur í að aðstoða
fólk sem á í erfiðleikum og félagsmálanefndir
sveitarfélaga sinna þessum verkefnum. Vandi
þeirra er hins vegar sá að úrræði eru þannig að
lágmarksframfærsla er alltof lág. Það fólk sem
fellur í það öryggisnet er því afar illa sett. Sveitar-
félögin þurfa á hverjum tíma að skoða hvort
stuðningur sem þau veita fjölskyldum nægi til
framfærslu.

Ég efast um að sum sveitarfélögin séu nægi-
lega burðug til þess að veita samfélagsþjón-
ustuna. „Þá horfi ég bæði til sveitarfélaga sem
eru afar skuldsett, vegna ákvarðana sem þau
hafa tekið á undanförunum árum, en líka til fá-
mennra sveitarfélaga. Þau þurfa ekki margar fjöl-

skyldur sem lenda í verulegum vandræðum til
þess að hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til þess
að aðstoða þau.“

„Við þurfum að tryggja að öll sveitarfélög veiti
íbúum sínum, sem til þeirra leita, þá lágmarks-
þjónustu sem þau eiga rétt á.“

Hvað getur BSRB gert fyrir fólk sem lendir í vanda, t.d. vegna atvinnumissis?

„Úrræðin eru fyrst og fremst þau að stéttarfélag-
in, aðildarfélag BSRB, þjónusta atvinnulausa fé-
laga sína. Félagin bjóða þessum félagsmönnum
sínum sömu þjónustu og félagsmenn fá sem eru
á vinnumarkaði, sem er t.d. þjónusta vegna
endurmenntunar og starfsmenntunar ásamt Vrk
starfsendurhæfingarsjóði.

Oft er talað um að starfsöryggi sé mikið hjá hinu opinbera og lifeyrissjóði góð. Svo heyrast fréttir af uppsögnum þar, t. d. nýleg- ar fréttir af uppsögnum reyndra sjúkraliða á LSH. Er það goðsögn að starfsöryggi opin- berra starfsmanna sé mikið?

„Það hefur ekki verið goðsögn. Frekar hefur
vantað fólk til starfa hjá ríki og sveitarfélögum. Ég
hef tölur um að starfsaldur fólks hjá hinu opin-
bera er frekar hár, miðað við hinn almenna
vinnuarkað. Hins vegar er það svo að þegar fé
til reksturs stofanana eða einstakra sveitarfélaga
dregst saman, þá bregðast þau við með ymsum
hætti. Meðal annars er gripið til þess að minnka
vinnuhlutfall og draga úr yfirvinnu eða aukavökt-

Þótt störfum við umönnun fækki minnkar ekki þörfin á þjónustunni

skólum eða öðrum stofnunum. Þá verða vanda-
málin enn meiri heima fyrir og lenda þar að
miklum hluta á konum.

Hún bendir líka á að laun fyrir störf við um-
önnun séu ekki há. „Það að greiða úr ríkissjóði
atvinnuleysisbætur ásamt því að missa af kraft-
inum, þorinu og dugnaðinum í einstaklingnum
sem er stoltur af sinni vinnu, þýðir að mikil verð-
mæti glatast.“ Hugsanlega sparist ekki mikið á
þessu þegar upp er staðið.

En hvað með launamun kynjanna. Er hann eilífðarvandamál?

„Vonandi er þetta ekki eilífðarvandi, en það er
mjög undarlegt að við skulum enn vera að berj-
ast við launamun kynjanna á Íslandi eftir allt sem

*Opinberir
starfsmenn munu
ekki fallast á að
yfirvöld afnemi
réttindi sem fólk
hefur unnið fyrir
til fjölda ára*

Útivist og garðrækt



Elin Björg Jónsdóttir er sveitastelpa úr Ölfusinu, þar sem hún ólst upp. Áhrif sveitauppeldisins hafa fylgt henni því á fullorðinsárum hefur hún haft mikinn áhuga á útivist. „Ég er í frábærum gönguhópi með manningum mínum, Davíð O. Daviðssyni. Við göngum bæði hérlendis og erlendis,“ segir Elin Björg en í hópnum er að grunni til samstarfsfólkið sem hún vann á sínum tíma með á skrifstofu sveitarfélagsins Ölfuss. „Við höfum öll mikinn áhuga á dýraríkinu og plöntum og þetta er geysilega góður félagskapur,“ segir Elin Björg um gönguhópinn.

Þau hjónin hafa líka farið tvö saman í göngur. „Við fórum fyrir allnokkrum árum síðan tvö saman í sjö daga bakbokaferð um Wicklow-fjöll á Írlandi. Við fórum með kort og bakpoka og nutum þess að ganga um frábært landsvæði með miklu fugla- og dýralífi. Þetta var dásamleg ferð,“ segir Elin Björg.

Garðrækt er sömuleiðis eitt helsta hugðarefni Elínar Bjargar. „Ég á góðan garð í Þorlákshöfn, þar sem ég bý. Mér þykir alveg dásamlegt að fara út í garðinn minn og sinna honum,“ segir hún. Það sé ekkert mál að rækta í sandinum í Þorlákshöfn. „Ég moka upp sandi og kaupi mér mold. Ég er til dæmis með stóra eik í garðinum sem þykir mjög merkilegt við sjávarsíðuna.“

Elin Björg hefur verið búsett í Þorlákshöfn í meira en tuttugu ár. „Við ólum þar upp strákana okkar,“ segir hún, en tveir synir þeirra hjóna eru nú vaxnir úr grasi. „Nú eigum við tvo syni, tvær tengdadætur og einn dásamlegan sonarson,“ segir hún. Synirnir eru fluttir úr heimahögunum. Einar Örn býr í Reykjavík ásamt sinni fjölskyldu, en Olav Veigar í Amsterdam í Hollandi, þar sem hann og kona hans eru við nám.

um. Svo er ekki ráðið í störf þeirra sem hætta. Það þýðir að störf tapast,“ segir Elin Björg.

Félagar í BSRB eru auðvitað hluti af samfélaginu og finna fyrir kreppunni eins og aðrir. „Við verðum vör við að verið er að gera verulegar breytingar á störfum og vinnuhlutfalli. Sums staðar er beinlínis verið að lækka laun,“ segir hún.

Því miður gerist það líka hjá hinu opinbera að fólki með mikla starfsreynslu er sagt upp í niðurskurði. „Við höfum séð mjög erfið mál, þar sem fólk hefur starfað á ákveðnum vinnustöðum megnið af sinni starfsævi, en missir svo vinnuna. Það á við félagsmenn BSRB eins og aðra. Það er enginn öruggur með sína vinnu. Við erum ekki ósnertanleg frekar en aðrir.“

Hvað lífeyrisréttindi varðar bendir Elin Björg á að þau hafi opinberir starfsmenn unnið sér inn með því að setta sig árum saman við lægri útborguð laun en sambærilegar stéttir á almenna vinnumarkaðinum. Opinberir starfsmenn muni ekki fallast á að yfirvöld afnemi réttindi sem fólk hefur unnið fyrir til fjölda ára. „Það er rétt að skuldbindingar ríkissjóðs eru verulegar varðandi lífeyrissjóði opinberra starfsmanna, enda hefur áherslan verið á að byggja upp lífeyrisréttindin til

fram tíðar.“ Umræður um afturvirkar aðgerðir til að afnema eftirlaunarétt kalli á hörð viðbrögð enda væri slíkt gróft brot á réttindum stórs hluta þjóðarinnar.

Lífeyrissjóðirnir og fjárfestingar á góðæris-tímum. Nú áttu fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar fulltrúa í stjórnnum sjóðanna, sem fjárfestu t.d. í bönkunum sem svo hrundu. Finnst þér að lífeyrissjóðirnir hafi haft aðra hagsmuni í huga en sjóðfélaga? Þarf verkalýðshreyfingin að líta í eigin barm vegna þessa?

„Verkalýðshreyfingin á alltaf að líta í eigin barm og skoða ákvarðanir út frá verkefnum hverju sinni. Ég er hins vegar alveg sannfærð um að fulltrúar opinberra starfamanna í lífeyrissjóðum þeirra hafa alltaf haft hagsmuni umbjóðenda að leiðarljósi enda litu þeir svo á að um fjárfestingu í innviðum samfélagsins væri að ræða. Þrátt fyrir að LSR og Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga hafi tapað umtalsverðu fé í bönkunum, er alveg ljóst að það var af völdum nokkurs sem þeir höfðu ekkert um að segja.“

Hins vegar eigi fólk alltaf að geta litið í eigin barm og skoða af gagnrýni. „Þegar ég er spurð

hvað mér finnst um gagnrýni á verkalýðsforystuna eða forystumenn lífeyrissjóða, þá tel ég hana vera af hinu góða. Jákvæð og uppbyggileg gagnrýni er bæði holl og góð.“

Þú tókst við formennsku í BSRB af Ögmundi Jónassyni, sem gegnt hafði embættinu í 21 ár. Hvernig var að taka við af honum?

„Það var mjög gott af taka við af Ögmundi. Ég tek við mjög góðu búi. Þótt það sé erfið að taka við af formanni sem er eins öflugur og Ögmundur, var ljóst frá byrjun að ég myndi aldrei reyna að verða hann,“ segir Elin Björg. Hún ákvað þegar hún gaf kost á sér að yrði hún formaður myndi hún aðeins sinna því og engu öðru. „Daginn sem ég var kosin stóð ég upp úr öllum öðrum stólum sem ég hafði setið í um langan tíma,“ segir hún. Þá hætti hún formennsku hjá Félagi opinberra starfsmanna á Suðurlandi, formennsku í Samfloti og öðrum trúnaðarstörfum sem hún sinnti fyrir sitt sveitarfélag.

Elin Björg segist hafa ákveðið að takast á við formennskuna á sinn hátt. „Mér finnst ég fyrst og fremst heppin að geta fylgt eftir baráttumálum BSRB. •



Störfin sem mestu skila

Aldrei er meiri þörf fyrir velferð en í krepptu sagði Ögmundur Jónasson, fráfaramandi formaður BSRB, á þingi bandalagsins haustið 2009. Um þessar mundir er orðið niðurskurður mörgum tamt í munni. Þegar hefur sultarólin víða verið hert verulega og ekki er endilega fyrir séð að staðan batni að ráði á næstunni.

Þótt hið opinbera dragi saman starfsemi líkt og einkageirinn, sem skrapp saman með hrúni bankanna, eru stöðugar kröfur til frekari niðurskurðar. Við gerð stöðugleikasáttmálans var fyrir séð að skera þurfti niður fimmtíu milljarða króna af ríkisútgjöldum árið 2010 og aftur 2011, 30 milljarða 2012 og 20 milljarða 2013. Staðan er því grafalvarleg.

Ísland gengur í gegnum mikið samdráttarskeið með slæmri skuldastöðu heimila, fyrirtækja, sveitarfélaga og ríkisins. Viðbúðið er að vegna hruns íslensku bankanna og þess sem því fylgir þurfi víða að skera verulega niður. Nefna má efnahagsáætlun Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í þessu sambandi. Spyrja má hvort velferðarkerfinu verði þar með varpað fyrir borð?

En það er alls ekki sama hvernig er skorið. Þjóðin þarf að spyrja alvarlegra spurninga um forgangsstöðun. Hvað má bíða og og hvað alls ekki?

Velferðarþjónustan er hornsteinn í okkar samfélagi og brýnt að hún verði varin með öllum tiltækum ráðum. BSRB hefur oft bent á þetta, síðast á þingi BSRB sem haldið var í október 2009. Forsætisráðherra sagði fyrir skömmu að niðurskurður í velferðarþjónustunni væri kominn að þolmörkum. En hafa skýrar varnarlinur verið dregnar? Þeirri spurningu er enn ósvarað.

Kreppan hefur þegar haft mikil áhrif á líf margra. Margir eiga til að mynda í miklum erfíðleikum með að greiða ýmis gjöld vegna þjón-

ustu sveitarfélaga, líkt og skólamáltíðir og leikskólagjöld. Samband sveitarfélaga segir að þessi hópur hafi stækkað um ríflega helming eftir hrún. Þá er orðið dýrara fyrir almenning að hafa í sig og á. Síðastliðið ár hefur kaupmáttur launa lækkað um 3,4% samkvæmt útreikningum Hagstofunnar. Einn þeirra liða sem hækkað hafa mikið eru matvörur, en sú hækkan nemur hátt í 40% á tveimur árum. Einnig hafa afborganir lána þyngst verulega. Þessar staðreyndir, auk umtalsverðs atvinnuleysis, hafa haft í för með sér verulega skert kjör margra.

Viðskiptaráð segir að samdrátturinn undanfarið ár bitni verst á almenna vinnumarkaðanum. Á sama tíma hafi hið opinbera haldið áfram að vaxa. Ýmsir hafa tekið undir þessi sjónarmið þar sem þess er krafist að hið opinbera skeri verulega niður. Það gæti aftur haft alvarlegar afleiðingar.

Forsvarsmenn BSRB hafa bent á að margt í þessum fullyrðingum er beinlínis rangt. Dregið hafi úr vinnuhlutfalli hjá stórum hluta opinberra starfsmanna, yfirvinna bönnuð og aukavaktir skornar af. Á sama tíma aukist verkefni. Færri hendur þurfi því á skemmri tíma að sinna fleiri og stærri verkefnum, með tilheyrandi álagi á starfsfólk.

Það er staðreynd að konur vinna stóran hluta þeirrar vinnu sem velferðarkerfið krefst. Sjö af hverjum tíu félagsmönnum í BSRB eru konur. Í stöðugleikasáttmálanum er mikil áhersla á uppbyggingu „hefðbundinna karlastarfa“ en BSRB hefur lagt mikla áherslu á önnur markmið sáttmálans sem eru m.a. að styrkja stöðu heimilanna og verja undirstöður velferðarkerfisins.

Þegar stöðugleikasáttmálinn var kynntur í júní í fyrra, voru forsvarsmenn samningsins spurðir út í áhyggjur af störfum kvenna í niðurskurði hjá hinu opinbera. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, sagði þá að til þess að hægt væri að halda úti opinberri þjónustu þyrfti að vera verðmætasköpun í samfélaginu. Þar á meðal í verktaka- og byggingariðnaðinum og öllu atvinnulífínu.

Orð Vilhálms verða varla skilin öðruvísi en svo að hann telji að arður af þessari starfsemi skapi störf hjá hinu opinbera.

Er það svo? Slíkri spurningu verður ekki svarað með einföldu já-i. Mun raunsannara og eðlilegra er að líta á atvinnulífið sem hringrás þar sem hvert starf styður við annað, ólíkt sýn Vilhálms.

Störf við umönnun og uppfræðslu, oft kölluð kvennastörf, eru nauðsynleg forsenda þess að

Mun raunsannara og eðlilegra er að líta á atvinnulífið sem hringrás þar sem hvert starf styður við annað . . .



geirar eins og byggingariðnaðurinn virki sem skyldi. Neitar því nokkur maður að verðmætasköpun sé fólgin í því að koma veikri manneskju til heilsu, eða að mennta börn og skapa þar með allan grunn að framtíðinni? Þetta er ekki einungis verðmætasköpun heldur má fullyrða að slík störf skapi samfélaginu mestu verðmætin.

Enginn getur lokað augunum fyrir nauðsyn þess að hugsað sé um sjúka á spítölum, börn í skólum og leikskólum og aldraða sem dveljast á stofnunum. Samt sem áður höfum við séð spítala draga saman seglin og þjónustu við grunn- og leikskólabörn minnka.

Þá hafa þrisvar sinnum á skömmum tíma greiðslur verið lækkaðar til foreldra í fæðingarorlofi, sem á að tryggja að nýfædd börn geti verið í sem mestum samvistum við foreldra sína.

Skerðing á greiðslum í fæðingarorlofi og fækkun kvennastarfa geta haft verulega neikvæðar afleiðingar í för með sér til lengri tíma. Sú hættu er raunverulega fyrir hendi að Ísland fari áratugi aftur í tímamót því leyti. Svo gæti farið að karlar taki síður fæðingarorlof en konur. Það kemur til af hinni nöpru staðreynd að karlar hafa jafnan hærri laun en konur og hámarksupphæð í fæðingarorlofi hefur farið lækkað.

En hætturarnar eru fleiri. Líkur eru á að enda þótt konum sé vikið úr umönnunarstörfum hjá hinu opinbera, sem oftast eru láglaunastörf, muni þær samt sem áður áfram þurfa að gegna slíkum störfum, en launalaust inni á heimilunum.

Markaðsvæðing almannaþjónustu er annar flötur á málinu. Hún ógnar sjálfstæði stjórnvalda til að reka þjónustuna sem best í þágu þeirra sem hennar njóta. Þess vegna skiptir miklu máli að stjórnvöld

Launamunur kynjanna getur numið allt að íbúðarverði

láti kanna hversu langt einkavæðing, úthýsing og einkaframkvæmdir í almannaþjónustunni eru komin.

Ennþá kynbundinn launamunurinn

Aðeins eru fáar vikur síðan könnun Hagstofunnar leiddi í ljós að launamunur kynjanna er enn verulegur. Því eru áhyggjur af fækkun kvennastarfa í kreppunni ekki eina mikilvæga jafnréttismálið. Fréttablaðið greindi frá því að konur fengu að jafnaði 328 þúsund í laun á mánuði, en karlar umtalsvert meira. Mismunurinn er 58 þúsund krónur. Þessi launamunur nemur hátt í 700 þúsund krónum á hverju ári, sem líklega er íbúðarverð á heilli starfsævi. Þrátt fyrir að hátt í fjórtíu ár séu liðin frá því að lög voru sett til að tryggja konum og körlum jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf er kynbundinn launamunur enn staðreynd.

Launaleyndin hefur gert erfiðara um vik að upplýsa hver kynbundinn launamunur er í reynd. Enda þótt hún hafi formlega verið afnumin hefur hugarfar launaleyndarinnar ekki horfið. Upplýsingar um launin eru mikilvægt tæki í baráttunni gegn launamuninum og því verður áfram unnið að því að þær líti dagsins ljós, ekki síst í ljósi þess hversu hátt hlutfall félagsmanna býr við þetta misrétti.

Gróf misskipting launa náði nýjum hæðum á þenslutímanum og er annað óréttlæti sem launa-

BSRB er bandalag stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu hjá ríki, sveitarfélögum og á almennum markaði

Í BSRB eru félög úr ýmsum starfsgreinum. Þar eru m.a. félög póstmanna, sjúkraliða, starfsmanna stjórnarráðsins, lögreglumanna og margra opinberra starfsmanna

Eitt helsta hlutverk BSRB er að styðja og efla aðildarfélög sín. Verja almannaþjónustuna og stuðla að eflingu hennar og standa vörð um réttindi og kjör félagsmanna sinna.

... stytta vinnuvikuna og fjölga vinnandi fólki ...

fólk þarf að berjast gegn. Rannsóknir sýna að bilið milli hæstu og lægstu launa hefur hvergi aukist jafnmikið og hér á landi undanfarin ár og áratugi.

Gegn atvinnuleysi

Það er gríðarlegt áfall fyrir manneskju að missa vinnuna. Því getur fylgt örvænting og eirðarleysi, fyrir utan aðrar afleiðingar sem fylgja tekjumissi. Atvinnuleysi hér á landi er nú hið mesta frá því skipuleg skráning hófst. Nýjustu tölur benda til þess að næstum einn af hverjum tíu sé án vinnu. Stærstur hópur atvinnulausra hefur ekki lokið framhaldsnámi. Ekki síst þess vegna er mikilvægt að brugðist verði við með skjótum aðgerðum í menntamálu, ekki síður en atvinnumálu almennt.

Hvað eru sönn lífsgæði?

Íslendingar hafa löngum unnið lengri vinnudag en þær þjóðir sem við berum okkur saman við. Lögbundin vinnuvika hér á landi er 40 klukkustundir. Margir vinna hins vegar langt umfram það. Vinna hefur löngum verið talin dyggð og jákvætt hefur þótt að fólk vinni langan vinnudag. Margir kannast við að hafa unnið viðbótarstund-

ir eða treyst á aukavaktir til þess að hífa upp skammarlega lág laun. Eflaust kemur langur vinnutími margra fremur til af nauðsyn en dyggð.

Ungt fólk sem nú er að ala upp börn sín vill gjarnan hafa tíma til þess að njóta með fjölskyldunni. Þá er hugsanlegt að lok hins svokallaða góðæris, þar sem efnisleg gæði, stór hús og nýir bílar, voru dýrkuð umfram allt annað, feli í sér breyttar hugmyndir um sönn lífsgæði.

Barist hefur verið fyrir styttingu vinnuvikunnar um árabíl. Viðsemjendur hafa hins vegar ekki viljað leggja eyrun við, sagt að fólk vantaði til starfa og því mætti ekki draga úr vinnutíma. Nú er staðan hins vegar sú, eins og rækilega hefur verið bent á, að fjöldi manna er án vinnu. Því má sæta lagi, stytta vinnuvikuna og fjölga vinnandi fólki.

Þrjátíu og sex stunda vinnuvika er mögulegt markmið. Því mætti ná í áföngum í samvinnu við viðsemjendur.

Þeir erfiðu tímar sem við göngum nú í gegnum geta eftir allt saman haft ýmislegt jákvætt í för með sér. Frekara tækifæri til að rækta tengslin við þá sem mestu máli skipta – fjölskyldu og vini – er án efa þar á meðal. •

Einstaklingur sem vinnur fimm stundir á viku umfram hina lögbundnu vinnuvíku, ver alls um 230 aukastundum í vinnunni á ári, ef gert er ráð fyrir að um 46 vikur séu unnar á ári hverju. Það gera hátt í sex viðbótarvinnuvikur á ári. Á 40 ára starfsævi eru þetta hátt í fimm ár, sem viðkomandi ver í vinnunni umfram lögbundna vinnuvíku.



FRAMTÍÐ
byggð á jöfnuði, atvinnu, velferð og réttlæti



Hvað er stöðugleikasáttmálinn?

Stöðugleikasáttmálinn gengur út á að ýmsir aðilar, þar á meðal samtök launafólks, sameinist um aðgerðir til að vinna þjóðina út úr erfiðum aðstæðum í efnahags- og atvinnumálu. Sáttmálinn var gerður í júní 2009.

Hvað felst í sáttmálanum?

Þar er kveðið á um að mikilvægt sé að styrkja stöðu heimilanna, verja undirstöður velferðarkerfisins og menntakerfið. Líka segir að mikilvægt sé að verja störf jafnt á almennum vinnumarkaði sem og hjá hinu opinbera eins og hægt er. Eitt helsta markmið sáttmálans er að stuðla að endurreisn efnahagslífsins.

Hverjir standa að sáttmálanum?

Sáttmálinn var gerður milli Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólanna, BSRB, Kennarasambands Íslands, Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja, Samtaka atvinnulífsins, ríkisstjórnar Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga.



BSRB í tölum:

- 1942 – stofnár BSRB
- 1550 – fjöldi félaga í byrjun
- 22.000 – fjöldi félagsmanna nú
- 10 – stöðugildi á skrifstofu BSRB
- 221.000 – fjöldi niðurstaðna þegar BSRB er slegið upp á Google
- 304 – skipti sem fjölmiðlar hafa fjallað um BSRB frá ársbyrjun 2009
- 2/3 – hlutfall kvenkyns félagsmanna
- 15% – þeirra sem eru á vinnumarkaði vinna við heilbrigðis- og félagsþjónustu
- 41% – konur í stjórn BSRB
- 39% – karlar í vinnuhópum og nefndum innan BSRB

Hundruð opinberra starfsmanna stóðu vaktina nótt og dag

Gosið á Fimmvörðuhálsi, sem hófst 20. mars síðastliðinn, kom ekki aðeins róti á náttúruna. Það krafðist snöggra viðbragða og mikils viðbúnaðar. Þar átti stóran hlut að máli fjölmennt lið opinberra starfsmanna, ekki síst löggæslu, Landhelgisgæslu og ýmissa sérfræðinga.

Þegar gosið hófst fór gott og vel samhæft almannavarnakerfi í gang. Samhæfingarmíðstöð almannavarna í Skógarhlíð var virkjuð. Lögregluyfirvöld í nágrenni gossvæðisins settu sína áætlun af stað. Hús á hættusvæðum voru rýmd, lögregla aðstoðaði fólk og veitti fjölmiðlum upplýsingar. Vísindamenn fóru á staðinn og rannsökuðu gossvæðið. Hundruð opinberra starfsmanna stóðu vaktina nótt og dag eftir að gosið hófst.

Náttúruhamfarir eins og gosið á Fimmvörðuhálsi sýna mikilvægi þess að öryggis- og löggæslumál virki eins og smurð vél þegar á þarf að halda. Spyrja má hvað gerst hefði ef hið opinbera rækti ekki þetta mikilvæga hlutverk. Einnig þarf að velta þeirri spurningu upp hversu mikið sé hægt að skera niður á þessum sviðum, án þess að skapa verulega hættu. Ekki er síður mikilvægt að tryggja að ekki verði skorið svo mikið að almenn verkefni þessa fólks falli niður að einhverju eða öllu leyti á slíkum álagstímum. Við viljum geta treyst því að öryggisnetið sé alltaf fyrir hendi þegar á þarf að halda.

Lögreglumenn fylgjast með útbúnaði

„Lögreglumenn frá Hvolsvelli eru nú á leið til eldstöðvanna á Fimmvörðuhálsi, til að stöðva ferðir vanbúins fólks, sem mun vera á leiðinni þangað. Engir björgunarsveitarmenn eru nú á vettvangi og getur ferðafólk því ekki stólað á nærveru þeirra.“

Vísir 8. apríl 2010.



Samstaðan mikilvægust núna

Ragna Ágústsdóttir, sjúkraliði á bæklunardeild Landspítalans

„Við verðum óneitanlega vör við þetta. Það er verið að loka deildum og færa fólk á milli deilda. Þá er auðið álag, það er ekki ráðið inn og ekki kallað út ef það eru veikindi. Undanfarið ár hefur álagið því aukist mikið,“ segir Ragna Ágústsdóttir, sjúkraliði á bæklunardeild Landspítalans, spurð um ástandið á vinnustað hennar í ljósi samdráttar og niðurskurðar.

Ragna er reyndur sjúkraliði, hefur unnið við fagið í 30 ár. Hún segir sjúkraliða, sem vinna erfiða vaktavinnu, ekki hafa mátt við auknu álagi. Svo bætist við mikil óvissa. „Til dæmis var deildinni sem ég var á þar til um síðustu mánaðamót, bæklunardeild, lokað og hún gerð að dagdeild,“ segir Ragna, en þá var hún flutt yfir á sameinaða deild heila- og taugaskurðlækninga og bæklunar.


„Svo verður þessari deild lokað í þrjá mánuði í sumar,“ segir hún og bætir við að þótt sjúkraliðar

séu vanir sumarlokunum séu þær venjulega ekki þetta langar. Eftir sumarið viti hún ekki hvað taki við.

Hún segir sjúkraliða óttast mjög um störf sín. Ekki hafi verið mikið um uppsagnir, en t.d. hafi ekki verið ráðið í stöður þeirra sem hætta. Þá hafi yfirvinna næstum horfið. Ragna segir sjúkraliða hafa fundið fyrir töluverðri launaskerðingu. Hún kveðst sjálf telja að hún fái nú allt að hundrað þúsund krónum minna fyrir skatta á mánuði, en hún fékk meðan aukavaktir voru í boði á spítalanum. „Það hífði upp launin,“ segir hún.

En verður hún vör við að fólk leiti í önnur störf? „Fólk myndi gera það ef það væri eitthvað í boði, en það er bara ekkert í boði. Það þorir enginn að hreyfa sig eða segja neitt eða fara,“ segir hún.

Spurð hver henni finnist vera mikilvægustu verkefni verkalýðshreyfingarinnar á tímum sem þessum nefnir Ragna fyrst samstöðu. „Samstaða er mikilvæg á svona tímum. Kannski líka að upplýsa fólkið



um hvað er að gerast og um hvað málin snúast,“ segir hún.

Ragna nefnir líka að launabarátta verði að halda áfram. „Það þarf að hifa upp lægstu launin, það er staðreynd sem allir þekkja,“ segir hún. Ekki þyði að segja að nú sé kreppa og því engir peningar til. „Það var líka sagt við okkur þegar var góðæri,“ segir hún. Þetta sé enn mjög mikilvægt baráttumál. „Það þarf að leiðrétta kjör fólksins sem vinnur á gólfinu. Það virðast alltaf vera til peningar, eins og á þessum spítala, til að setja í verkefni sem hygla þeim sem hafa hæstu launin.“ •

Þurfum að vera þolinmóð

Lárus Rögnvaldur Haraldsson, atvinnuráðgjafi í Hínu húsinu

Lárus Rögnvaldur Haraldsson, er 32 ára og hefur undanfarin fimm ár starfað sem atvinnuráðgjafi í Hínu húsinu, þar sem hann aðstoðar ungt fólk í atvinnuleit við að komast inn á vinnumarkaðinn. Hann sinnir því jafnframt við núverandi aðstæður í samfélaginu að benda unga fólkinu á aðrar leiðir sem í boði eru, svo sem nám.

En hvernig sér hann framtíðina í ljósi þess erfiða ástands sem nú ríkir?

„Ég vona að allt fari á besta veg. Íslensk ungmenni eru nokkuð hörð af sér, en við þurfum að bjóða upp á fjölbreytta valmöguleika fyrir þá sem ekki komast í vinnu. Hefðinni samkvæmt hefur það verið þannig að það tekur einna lengstan tíma fyrir ungt fólk að fá vinnu aftur þegar ástandið byrjar að skána. Það dettur fyrst út af vinnumarkaði og er seinast inn á hann aftur. Það þarf fjölbreytt úrræði og mislöng sem snerta áhugasvið sem flestra,“ segir Lárus Rögnvaldur.

Hann vonast til að Íslendingar beri gæfu til þess að komast betur út úr sinni kreppu en Finnar gerðu, þegar að kreppu fyrir allnokkrum árum. Þar eru enn um 20% þeirra sem voru ungir sem enn hafa ekki skilað sér út á vinnumarkaðinn. „Þeir beintengja þetta við þessa kreppu,“ segir hann.

Finnst þér BSRB vinna í þína þágu og þá hvernig?

„Ég tel að þeir geri það. Ég held að ríkis- og borgarstarfsmenn þurfi eins og allir aðrir að vera þolinmóð núna í þessu ástandi,“ segir Lárus og bendir á að þrátt fyrir kaupmáttarrýrnun séu Íslendingar enn með ein hæstu meðallaun í Evrópu. „Við viljum sjá skyndilausnir á öllu, en nú þurfum við að anda með nefinu og bita á jaxlinn og við komumst út úr þessu fyrr eða síðar. Við höfum það erfiðara í einhvern tíma en ef við erum þolinmóð held ég að þetta gangi jafnvel hraðar fyrir sig en ef við erum óþolinmóð.“

Spurður um hvert hann telji mikilvægasta hlutverk verkalýðsfélaga á tímum sem þessum segir Lárus Rögnvaldur: „Ég held að það mikilvægasta sem þau geta gert sé að halda tengslum við þá sem



falla út af vinnumarkaði, í gegnum sjóði sína. Að þau effi sjóði eins og námsstyrkjasjóði. Sömuleiðis tel ég mjög mikilvægt að stéttarfélög séu virk í því að gera fólki mögulegt að skipta um starfsvettvang, þótt það heyri kannski ekki beint undir þeirra stéttarfélög. Stéttarfélög ættu að auka flæði milli opinbera og einkageirans og líka lárétt sem lóðrétt innan opinbera geirans. Tölvunarfræðingur sem missir vinnuna geti farið og lært uppeldisfræði, það er mikilvægt að opna fyrir möguleika sem þessa,“ segir Lárus. Þessari hugsun kveðst hann hafa kynnst þegar hann bjó í Danmörku, á tímum sem Danir glímdu við mikið atvinnuleysi. •

Kjörin verði jöfnuð

Torfi Þorsteinsson, fyrirverandi deildarstjóri hjá Íslandspósti

Torfi Þorsteinsson er fyrirverandi deildarstjóri hjá Íslandspósti. Hann hætti störfum í desember síðastliðnum. Meðal þess sem Íslandspóstur hefur gripið til í sparnaðarskyni er að reyna að draga úr mannafla, t.d. með því að semja um starfslok við þá sem komnir eru á eftirlaunaaldur eða hafa efir-launarréttindi.

„Ég var alveg tilbúinn að hætta,“ segir Torfi, sem verður sjötugur á næsta ári. Hann hafði starfað hjá Íslandspósti og áður hjá Pósti og síma í hátt í fjörutíu ár eða frá 1970.

Torfi er bjartsýnn á framtíðina á sínum gamla vinnustað og kveðst telja Íslandspóst nokkuð vel rekinn. Mikils aðhalds sé gætt og „menn hafa ekki farið út í neinar ævintýralegar fjárfestingar“. Uppsagnir séu alltaf síðasta úrræðið. Auk þess að eitt-hvað hafi verið um að fólk hafi farið fyrir á eftirlaun eftir að kreppan skall á hafi ekki verið ráðið í nýjar stöður. Þá hafi verið dregið úr yfirvinnu. „Ég held að yfirvinna sé næstum horfin,“ segir Torfi.

Torfi hefur í gegnum tíðina unnið að ýmiss konar félagsmálum á vegum stéttarfélaga og sat til að mynda í samninganefnd hjá Póstmannafélaginu. Spurður um hvernig honum finnst aðstæður launafólks hafa breyst gegnum tíðina nefnir hann aukið launabil og tekur Íslandspóst sem dæmi.

„Þegar Íslandspóstur var gerður að hlutafélagi, þá hækkuðu yfirmennirnir, sérstaklega þeir háskólamenntuðu, langmest. En almenna starfsfólkið hélst á svipuðum slóðum og það hafði alltaf verið. Hjá Pósti og síma var litill launamunur,“ segir hann. Á sínum tíma hafi þeir sem voru hæstir í samningum Póstmannafélagsins haft um 70% hærri laun en bréfbærar. „En eftir breytinguna fengu þessir yfirmenn margföld bréfbæralaun.“

Hann telur hlutafélagavæðingu hjá hinu opinbera hafa leitt til aukins ójafnréttis í launum. Líka hafi þetta gerst almennt í þjóðfélaginu. „Þeir sem voru hæst launaðir eru það ennþá en það varð meira launamisrétti.“ Torfi segir að í kreppunni hafi heldur dregið saman en hann búist ekki við að launajöfnuður verði aftur í líkingu við það sem hann var. „Það var líka alltaf verið að búa til bónusa og fríðindi, útvega yfirmönnum jeppa og svo fram-



vegis,“ segir hann. Hann kveðst telja að það sé eitt af hlutverkum verkalyðshreyfingarinnar að reyna að jafna kjörin.

Spurður um hver hann telji önnur mikilvæg hlutverk hennar á þessum tímum, segir Torfi að það sé fyrst og fremst að skapa störf svo fólk hafi vinnu. En getur verkalyðshreyfingin gert það?

„Ekki beint, en það er hægt að stuðla að því, t.d. með stöðugleikasáttmálunum og með frestunum á kauphækkunum og öðru.“ •



Munið

1. maí kaffið



í BSRB húsinu • Grettisgötu 89
að loknum útifundi á Austurvelli

Allir velkomnir



Halldór Halldórsson

formaður Sambands íslenskra sveitarfélga

Hægt að hagræða meira

Það eru kosningar í vor og frambjóðendur lofa kjósendum. Hverju má búast við?

„Ég vona að frambjóðendur lofi kjósendum því að reyna sitt besta til þess að viðhalda þeirri þjónustu sem er í dag. Ef þeir lofa meira eru þeir að lofa upp í ermina á sér og geta ekki staðið við það.“

Eru sveitarfélögin komin að þolmörkum í niðurskurði, eða sérðu fyrir þér að meira verði skorið niður á þessu ári og því næsta? Hvar má skera niður og hvar ekki?

„Það fer alveg eftir því hvernig gengur hjá okkur sem þjóð að ná okkur upp úr [kreppunni]. Ég tel að mörg sveitarfélög geti hagrætt meira án þess að fólk finni mikið fyrir því.“

„Ég held það það sé alls ekki hægt að skera niður í málefnum aldraðra og félagsþjónustunni. Í félagsþjónustunni hefur orðið aukning [á eftirspurn eftir þjónustu]. Þar erum við að tala um t.d. fjárhagsaðstoð, en þá er fólk komið á það stig að það er eiginlega ekkert eftir og því er um einskona neyðaraðstoð að ræða. Þar er klárlega ekki hægt að skera niður.“

„Í skólunum er hugsanlega hægt að hagræða, sumstaðar er hægt að auka samkennslu. Einhverja skóla má ef til vill sameina. Þá væri það möguleiki, ef við værum komin í mjög mikil vandræði, að stytta skólaárið. Það kemur niður á launum kennara og annarra en það væri aðferð til þess að ráða við reksturinn og ráða við þjónustuna. Skólaárið er komið upp í 180 daga en var í 170 fyrir nokkrum árum.“

Hvernig mun niðurskurður helst bitna á fólki?

„Ég er ekki viss um að það verði meiri niðurskurður heldur en orðinn er. Nú þegar er búið að skera töluvert niður, en það hófst strax haustið 2008. Það sem almenningur finnur líklega mest fyrir eru þættir eins og að það eru færri aukakennslutímar í skólum og hugsanlega meiri samkennsla, þótt hún hafi ekki aukist verulega. Minna er um skólaferðir og þess háttar og fólk þarf kannski að borga meira í þeim eða minna er gert. Við erum ekki komin á það stig að fara að leggja niður neina þjónustu, það hefur ekki verið gert.“

Geturðu sagt til um hvað þú sérð fyrir þér mikinn niðurskurð hjá sveitarfélögunum á næstunni?

„Á árinu 2010 höfum við reiknað með svipuðum tekjum og 2009, en þær gætu orðið ívið lægri. Ef þær halda ekki áfram að lækka getum við haldið sjó og haldið okkur við þann rekstur sem við höfum í ár. En við eigum samt ekki fyrir launahækkunum og slíku. Þetta hefur líka byggst á því að í raun hafa laun lækkað en ekki hækkad, en þau eru allt upp í 70% af rekstrarkostnaði sveitarfélaga.“

Hvað með starfsmenn sveitarfélaganna, sérðu fyrir þér mikla fækkun þeirra á næstunni?

„Nei, ég geri það nú ekki. Ég held að sveitarfélögin muni frekar skoða það ef

einhver hættir hvort ráða þurfi nýjan einstakling í staðinn. En ég sé ekki fyrir mér neinar uppsagnir eða slíkt hjá sveitarfélögunum, það er ekki í kortunum.“

Geta sveitarfélögin áfram sinnt skyldum sínum við íbúa á krepputímum?

„Já, þau geta það. Hinsvegar þarf að gera og hafa verið gerðar breytingar. Mitt mat er það að sveitarfélögin séu í það heila tekið ekkert verr í stakk búin en ríkið til þess að sinna áfram sinni þjónustu. Þau hafa hins vegar minni möguleika en ríkið til þess að gera breytingar á sinni þjónustu því lagaumhverfið er allt í höndum annarra. Það sem sveitarfélögin hafa gert er að draga mest úr öðru en því sem kallast getur grunnþjónusta. Það hefur verið dregið verulega úr fjárfestingum og öllum framkvæmdum. Laun fólks hafa verið lækkuð, sérstaklega hjá stjórnendum og millistjórnendum og alveg niður í fólk á bæjarskrifstofum.“

Nú eru sum sveitarfélaganna mjög illa stödd fjárhagslega. Er hætt á því að fólk sem býr í þessum sveitarfélögum sitji þar í einskona vistarböndum. Það geti ekki selt eignir sínar því enginn vill kaupa en á samt ekki kost á viðunandi þjónustu vegna bágs fjárhags sveitarfélagsins? T.d. eins og Álftanes.

„Þú ert nú eiginlega að lýsa landsbyggðinni á Íslandi síðustu 25 árin. En það er alveg rétt hjá þér að það er hætt á þessu, en ég held að þetta sé bara tíma bundið vandamál. Hvort sem það er Álftanes eða önnur sveitarfélög.“

Hvenær sérðu fyrir þér að staða sveitarfélaganna fari að batna að nýju?

„Þegar staða þjóðarinnar fer að batna, þá batnar staða sveitarfélaganna með. Það fylgist að. Staða sveitarfélaganna er ekkert verri heldur en staða ríkisins. Ég held að það verði meiri niðurskurður hjá ríkinu á næsta ári heldur en hjá sveitarfélögunum. Af því að sveitarfélögin eru aðeins á undan [í niðurskurðinum].“

Mörg störf á vegum sveitarfélaganna eru skilgreind sem kvennastörf.

Svo eru störf við framkvæmdir af ýmsu tagi, sem yfirleitt eru talin til karlastarfa. Er hugað að þessari skiptingu við niðurskurð?

„Karlastörfunum fækkar meira. Það allra fyrsta sem gerðist var að dregið var verulega úr framkvæmdum en það eru að stærstum hluta karlastörf. Svo gleymist stundum þegar verið er að tala um þetta að afleiddu störfin af karlastörfunum eru að miklu leyti kvennastörf, svo sem þjónustu- og skrifstofustörf.“

Hafa sveitarfélögin möguleika á að slaka til gagnvart fólki sem lendir í vandræðum með að greiða fyrir þjónustu eins og leikskólajöldin?

„Þau hafa svigrúm til þess að slaka aðeins á gagnvart þeim sem eru í vandræðum. Ekki mikið þó. Ef einhver hefur ekki efni á henni fer það í sérstakan feril hjá sveitarfélögunum. Vöxtur í þess konar aðstoð frá haustinu 2008 er um 50-60%. Þetta er einn mikilvægasti liðurinn í grunnþjónustunni.“ •

Margrét Kristmannsdóttir

formaður Samtaka verslunar og þjónustu
og framkvæmdastjóri Pfaff



Vil engum það að missa vinnuna

Þú hefur nýlega sagt að frá hruni hafi mun meiri niðurskurður átt sér stað í einkageiranum en hinum opinbera. Á þetta sér ekki rökréttar skýringar, ef horft er til falls einkabankanna og byggingariðnaðarins?

Lítur þú á núverandi efnahagástand sem keppni í uppsögnum?

„Ef til vill á þetta sér að einhverju leyti rökréttar skýringar. En ég held að eftir hrunið hafi orðið miklu meiri niðurskurður í einkageiranum heldur en hjá hinu opinbera. Það er t.d. verulegur niðurskurður hjá þeim fyrirtækjum sem eru í verslun og þjónustu. Fyrir utan byggingageirann eru það þau fyrirtæki sem standa verst. Þar hefur þurft að grípa til mikilla aðhaldsaðgerða, bæði í rekstrar- og launakostnaði. Ég vil engum það að missa vinnu eða lækka í launum. En þar sem Ísland stendur nú frammi fyrir miklum hremmingum finnst mér að menn verði að reyna að bera sem jafnastar byrðar. Nú eru um 18.000 manns atvinnulausir og um 90% þessa hóps er úr einkageiranum. Því finnst e.t.v. fólki í einkageiranum sem hefur þurft að bera þessar byrðar að það hafi þurft að fórnar meiru en fólk í opinbera geiranum sem fæst hefur misst vinnuna.“

Hafið þið staðfestar tölur um að flestir opinberir starfsmenn hafi haldið sínum kjörum?

„Það eina sem við höfum fyrir satt er það að það hefur verið tekið á toppnum hjá kjararáði. Forstjórar stórra stofnana hafa lækkað í launum í samræmi við laun forsætisráðherra. Og það hefur verið tekið á ýmsum hlunnindum. En við vitum ekki til þess að það hafi verið farið í beinar lækkanir á mánaðarlaunum. 60-70% af útgjöldum ríkisins er launakostnaður. Opinberar stofnanir hafa, í stað þess að lækka launakostnað hjá sér, dregið úr aðkeyptri þjónustu, sem aftur bitnar á fyrirtækjum í einkageiranum.“

Í uppsveiflu eru opinberir starfsmenn yfirleitt seinni til að fá kjarabætur. Einkamarkaðurinn er fljótari að bregðast við sveiflum en sá opinbera Er réttlátt að lækka laun opinberra starfsmanna strax þegar kreppir að?

„Okkur sem rekur venjuleg fyrirtæki sveið jafn mikið og öðrum það launaskrið sem varð í góðærinu. Mjög fáir nutu ofurlauna og bónusa. Það má ekki bera það saman við einkageirann í heild. Venjuleg fyrirtæki greiddu ekki ofurlaun. Vissulega drógu launin, einkum í fjármálageiranum, upp allt meðaltal í einkageiranum og samanburðurinn við opinbera geirann skekktist.“

En er sanngjarnt að fólk í opinbera geiranum lækki í launum strax og kreppir að ef þau hafa verið seinni til þess að hækka?

„Nei, svo er ekki, en við verðum líka að átta okkur á því að það er liðið eitt og hálf á frá hruni. Á þessum tímavörðum höfðu menn átt að vera búnir að bregðast við.“

Tekur þú undir hugmyndir um mikinn niðurskurð hjá hinu opinbera, til dæmis eins og hann birtist í nýlegri skýrslu Viðskiptaráðs?

„Það þarf ekki að lesa fjárlögin lengi til þess að sjá að það er verulega hægt að

skera niður hjá hinu opinbera. Við megum ekki alltaf hrópa á torgum um að með slíku sé verið að skera niður velferðarkerfið. Ríkið er að sinna ýmsu sem við höfum ekki efni á í dag. Það er mjög eðlilegt þegar rekstur hins opinbera hefur þanist út, líkt og síðastliðinn áratug, að bakka til baka. Ríkið veitti að flestra mati mjög góða þjónustu fyrir tíu árum.“

En á þenslan sér ekki að mörgu leyti eðlilegar skýringar. t. d. með þátttöku í alþjóðlegum samningum o.s.frv?

„Eflaust á hluti þenslunnar sér eðlilegar skýringar. En við vitum líka og það heyrir innan úr opinbera geiranum, að þar var líka „parti“ líkt og í einkageiranum. Það slaknaði á aðhaldinu.“

Nú er nánast allt velferðarkerfið byggt á opinberum störfum, sem og löggæslan. Gæti ekki mikill niðurskurður bitnað á þessum þáttum?

„Ég tel að það sé verkefni okkar allra á næstunni að verja grunnkerfið. Mikilvægast núna er að halda fólki í vinnu. Ef við þurfum að lækka alla í launum um 5-10% til þess að halda flestum í vinnu, tel ég það eðlilegra aðgerð en að segja upp 10-15% mannaflans.“

BSRB hefur að markmiði að vinnuvikan styttest um fjórar stundir.

Hvernig list þér á það?

„Ég held að við ættum að byrja á að draga úr yfirvinnu hjá fólki og helgarvinnu. Þegar okkur hefur miðað eitthvað þar má horfa til þess að stytta vinnuvikuna. Við virðumst afkasta jafn miklu á lengri tíma en þær þjóðir sem við berum okkur helst saman við.“

En það er staðreynd að fjölmargir opinberir starfsmenn hafa laun í lægri kantinum, t.d. á spítölum, búa við yfirvinnubann og aukið álag vegna þess að ekki er ráðið í lausar stöður. Hvað segir þú um þetta?

„Ég hef aldrei skilið þá hugmyndafræði að það eigi að byrja á að reka skúr-ingakonuna. Það sem við t.d. gerðum í mínu fyrirtæki var að þeir sem höfðu hæst laun tóku á sig mesta launalækkun. Þeir sem höfðu minnst lækkuðu minnst.“

En það er mýta að fólk sem vinnur hjá hinu opinbera sé allt með lág laun. Þar vinnur margt fólk sem hefur góð laun. Þetta fólk á að taka á sig meiri skerðingar en fólk sem hefur lægri laun. Það ætti að vera keppikefli okkar allra að komast hjá uppsögnum.“

Launamunur kynjanna er enn fyrir hendi. Hafa atvinnurekendur einhverjar skyldur í þeim efnum?

„Þeir hafa gríðarlegar skyldur. Ég held að langstærsta ástæðan fyrir launamunur kynjanna sé að þessi mál eru allt of lítið til skoðunar innan fyrirtækja. Kyn eru yfirleitt ráðin á svipuðum kjörum inn í fyrirtækin. Launamunurinn virðist myndast eftir að búið er að ráða fólk til vinnu. Það segir okkur að karlmenn eru duglegri að sækja launahækkanir en konur. Því er það rík skylda atvinnurekenda að þegar einn er hækkaður, verður að skoða laun hinna um leið.“



Katrín Ólafsdóttir

Launamunur kynjanna minnkar, en hverfur seint

Í kjarasamningum sem gerðir voru á árinu 1997 var samið um nýtt launakerfi. Í stað gömlu launatöflunnar var samið um launamma, yfirleitt A, B og C og í einstaka tilfellum D. Mun lengra var á milli hæstu og lægstu launa í rammanum en var í launatöflunni gömlu. Í samningunum fólst einnig að launaákvörðun færðist að hluta út til stofnana og jafnframt var dregið úr vægi sjálfvirkra launahækkana. Fyrir breytingar var í mörgum kjarasamningum ríflega 30% hækkun með aldri og starfsaldri, en eftir breytingar voru aldurs- og starfsaldurs- hækkanir féllu út.

Í kjölfar samninganna varð það umtalsfni að hætta væri á því að launamunur kynjanna gæti aukist nú þegar launaákvörðunin yrði dreifstýrðari og meira mæddi á forstöðumönnum einstakra stofnana við ákvörðun launa. Því er áhuga-vert að skoða hver raunin varð þegar upp er staðið.

Í nýlegri rannsókn minni á launum hjá ríkinu skoða ég annars vegar laun á tímabilinu 1994-1997, þ.e. árin áður en breytingar voru gerðar á launakerfinu og síðan árin 2001-2004, samnings- tímabilið eftir að stéttarfélagin hjá ríkinu höfðu tekið upp nýja launakerfið. Rannsóknin nær til allra þeira sem fengu laun greidd úr launakerfi ríkisins á þessum tíma og voru í opinberum stéttarfélagum. Miðað er við laun í október á hverju ári og launin sett á verðlag í október 2004. Meirihluti ríkisstarfsmanna eru konur og fer hlutfall þeirra hækkandi, úr 56% á árinu 1994 í tæplega 64% á árinu 2004.

Ef við skoðum dagvinnulaun karla og kvenna á fyrra tímabilinu, og hér er miðað við dagvinnulaun fyrir fulla vinnu, þ.e. laun þeirra sem eru í hlutastarfi eru leiðrétt miðað við fullt starf, þá sést að dagvinnulaun karla voru að meðaltali 145 þúsund á árunum 1994-1997 á verðlagi ársins 2004, á meðan dagvinnulaun kvenna voru að meðaltali 125 þúsund. Dagvinnulaun kvenna voru þannig 86% af dagvinnulaunum karla á þessu tímabili. Ef við skoðum BSRB eingöngu, þá eru dagvinnulaun karla 120 þúsund og dagvinnulaun kvenna 107 þúsund og konur því með 89% af dagvinnulaunum karla.

En hvernig er staðan eftir breytingar? Er það niðurstaðan að launamunur kynjanna hafi aukist? Á árunum 2001-2004 eru dagvinnulaun karla að meðaltali 236 þúsund krónur og hafa þannig hækkað til muna frá því fyrir breytingar, eða um 63%. Athugið að hér er um kaupmáttaraukningu að ræða, ekki einungis launahækkun. Dagvinnu-

laun kvenna hafa einnig hækkað og eru komin í 196 þúsund sem er 57% hækkun, eða heldur minna en hækkunin á dagvinnulaunum karla sem bendir til þess að launamunur hafi aukist. Þannig eru dagvinnulaun kvenna komin niður í 83% af dagvinnulaunum karla. Ef við skoðum einungis BSRB, þá er það sama uppi á teningnum, þ.e. kaupmáttaraukning á dagvinnulaunum karla er 49% og dagvinnulaunin eru komin í 179 þúsund á meðan dagvinnulaun kvenna hafa hækkað um 44% að kaupmætti upp í 155 þúsund.

Annar mælikvarði á laun eru heildarlaun þar sem tekið er saman hvað viðkomandi ríkisstarfsmaður fékk í laun í ákveðnum mánuði, óháð starfshlutfalli og óháð því hvað viðkomandi launaliður kallast. Ef við horfum á heildarlaun hefur staðan snúist við. Heildarlaun karla voru 247 þúsund að meðaltali á fyrra tímabilinu og fóru í 344 þúsund sem samsvarar kaupmáttaraukningu um 40%. Heildarlaun kvenna aftur á móti hækkðu úr 152 þúsund í 227 þúsund, eða um 49%. Heildarlaun kvenna fóru því úr því að vera 62% af heildarlaunum karla í 66%. Ef við skoðum eingöngu BSRB er munurinn heldur minni þar sem heildarlaun karla fara úr 216 þúsund í 289 þúsund (34% hækkun) á meðan heildarlaun kvenna fara úr 124 þúsund í 173 þúsund (39% hækkun). Heildarlaun kvenna fara því úr því að vera rúmlega 57% af heildarlaunum karla í tæplega 60% af heildarlaunum karla.


Því er ljóst þegar við skoðum heildarlaunin að þótt launamunur kynjanna hafi minnkað á þessum árum, er hann engu að síður umtalsverður. Í sérstakri rannsókn sem ég gerði á launamun kynjanna innan BHM, en sú rannsókn nær fram til ársins 2007, sést að launamunur kynjanna þegar litið er til heildarlauna hefur minnkað með árunum en hefur ekki horfið. Niðurstaðan varðandi dagvinnulaun er ekki afgerandi. Dagvinnu-

laun kvenna þyrftu að hækka um 5-6% til að ná dagvinnulaunum karla í lok tímabilsins og heildarlaun kvenna þyrftu að hækka um 9-16% til að ná heildarlaunum karla (myndir 1 og 2).


En þótt meðaltöl þau sem rædd eru hér ofan segi sína sögu, þá segja þau ekki alla söguna. Lítum því á hvernig launin dreifast. Meðfylgjandi myndir segja þá sögu. Á lárétta ásnum eru mánaðarlaunin og því hærrí sem ferillinn er því fleiri eru með þau laun. Ef við lítum á dagvinnulaunin á fyrra tímabilinu þá sjáum við að stór hluti kvenna er með laun rétt um 105 þúsund en mun færri karlar. Þeir eru aftur á móti flestir með dagvinnulaun í kringum 150 þúsund krónur. Þá eru einnig þó nokkrir karlmenn með um 250 þúsund krónur í laun á meðan svo til engar konur eru með svo há dagvinnulaun. Það eina sem breytist frá fyrra tímabili yfir á það síðara er að dagvinnulaunin dreifast á meira bil en áður og allir hafa hækkað töluvert, en dreifingin er óbreytt. Það er þó nokkuð stór hópur kvenna með dagvinnulaun í kringum 160 þúsund krónur en mun færri karlar. Það er stór hópur karla með 450 þúsund krónur í dagvinnulaun og annar með um 550 þúsund krónur, en konur eru afar fáar með dagvinnulaun yfir 350 þúsund krónum (myndir 3 og 4).

Ef við skoðum heildarlaunin á sama máta, þá eru flestar konur með 140 þúsund krónur á fyrra tímabilinu á meðan flestir karlar eru með 275 þúsund krónur í heildarlaun á mánuði. Á síðara tímabilinu hafa laun allra hækkað töluvert og nú eru flestar konur með 220 þúsund krónur á mánuði á meðan flestir karlar eru með 350 þúsund krónur á mánuði. Jafnvel þótt heildarlaun kvenna hafi hækkað að meira en heildarlaun karla á milli tímabilanna tveggja og launamunur því minnkað, þá eru heildarlaun kvenna heldur minni á seinna tímabilinu en laun karla voru á fyrra tímabilinu sem hér er til skoðunar. Því er ljóst að þótt þróunin sé í átt til launajafnréttis, þá vantar töluvert upp á að takmarkinu um launajafnréttinu sé náð.


Katrín er með doktorsgráðu í vinnumarkaðshagfræði frá Cornell University í New York-fylki í Bandaríkjunum, mastersgráðu frá sama skóla og AB-gráðu í hagfræði (Advanced Bachelor's degree) frá Occidental College í Kaliforníu. Katrín er lektor í hagfræði við Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík. Áður en hún kom til starfa í HR starfaði Katrín meðal annars hjá Pasadena Research Institute, í fjármálaráðuneytinu og á Þjóðhagsstofnun.




Mynd 1 • Dagvinna fyrra tímabil



Mynd 2 • Dagvinna seinna tímabil



Mynd 3 • Heildarlaun fyrra tímabil



Mynd 4 • Heildarlaun seinna tímabil



1. maí 1989



Í verkfallinu 1984

Frjáls í réttlátu samfélagi

„Það er óneitanlega sérstök tilfinning blandin eftirsjá að stíga út af vettvangi BSRB eftir að hafa haldið sig þar um áratugi“, segir Ögmundur Jónasson sem í október lét af formennsku í BSRB eftir rúma tvo áratugi í því embætti.

Hann var kjörinn formaður BSRB árið 1988 en áður hafði hann verið viðloðandi samtökin um árabíl eða allar götur frá því hann hóf störf hjá Ríkisútvarpinu árið 1978. Mestallan tímann sem hann starfaði hjá RÚV, eða í einn áratug, var hann formaður Starfsmannafélags Sjónvarps og frá 1981 sat hann í stjórn BSRB. „Þannig að þessi samtök eru veigamikill þáttur í mínu lífi og mér þykir vænt um þau“, segir Ögmundur. En hvers vegna hófstu afskipti af málefnum launafólks? Ég hef alltaf viljað vera frjáls, alla tíð lagt mikið upp úr frelsi hvers og eins óháð stöðu hans í þjóðfélaginu, andlegt stéttleysi skipti mig öllu máli. Verklýðssamtök eru til þess að tryggja þetta. Þau eru mótvægi við þá sem hafa völd og peninga, í þjóðfélaginu almennt og innan stofnana og fyrirtækja. Launabaráttan er vissulega mikilvæg – sérstaklega hvað varðar jöfnuðinn – að stuðla að honum, að koma í veg fyrir mismunun. En ég gef miklu meira fyrir velferðina að tryggja góðar almannatryggingar og heilbrigðiskerfi, það á að vera í verkahring verkalýðshreyfingar. Mál mál-

anna er svo frelsið – skoðanafrelsið, málfrelsið og mannréttindin almennt; að launamaðurinn hafi sama rétt og forstjórinn. Verkalýðshreyfingin á að tryggja mannréttindin. Þess vegna tók ég þennan slag; slaginn um að minna á að fleiri eru menn en yfirmenn, svokallaðir. Það er reyndar hugtak sem ég nota aldrei – ekkert frekar en hugtakið undirmaður. Það orð vil ég burt úr málinu.

Hvað er eftirminnilegast úr formennskutíð þinni?

Ótal margt. En ég ætla að nefna hrúnið og þá sérstaklega eina kvöldstund í Ráðherrabústaðnum í blábyrjun hrunsins í október 2008. Við vorum þar formenn BHM og Kí ásamt forsætisráðherra og fleiri ráðherrum úr ríkisstjórn ásamt fulltrúum ASÍ og SA. Mér höfðu borist fregnir um að hinir síðarnefndu hefðu engan sérstakan áhuga á að fulltrúar BSRB væru á þessum fundi. Þeim mun meiri áherslu lagði ég á að vera þar. Í ljós kom að mikið var í kortunum. Fulltrúar ASÍ



Ógmundur kvaddur með hátíðardagskrá

Hátíðardagskrá til heiðurs Ógmundi Jónassyni, formanni BSRB, var haldin í Háskólabíói 21. október kl. 17.30 í tengslum við 42. þing BSRB. Ógmundur Jónasson var kjörinn formaður BSRB á þingi bandalagsins haustið 1988 og gegndi því formannsstarfinu í 21 ár.

Leikararnir Jón Hjartarson og Ragnheiður Steindórsdóttir leiddu dagskrána með gamnámálum og söng að hætti revíunnar um líf og störf Ógmundar í þágu launafólks. Auk þeirra komu fram Pétur Gunnarsson rithöfundur, Ellen Kristjánsdóttir og Eyþór Gunnarsson. Enn fremur klassískt tríó Bryndísar Höllu Gylfadóttur sellóleikara, Auður Hafsteinsdóttur fiðluleikara og Steinunnar Birnu Ragnarsdóttur píanóleikara, Karlakórinn Fóstbræður, BSRB-kórinn og Lúðrasveit verkalýðsins.

og SA sögðust vera búnir að kalla allar samninga-nefndir sínar til Reykjavíkur og loka þær inni í Karp-húsi. Þar yrði þeim haldið í lokuðu húsi þar til nýr kjarasamningur væri í höfn, helst í morgunarsárið. Þetta var um miðnættið. Aldeilis vel boðið – svona við fyrstu sýn. Nema hvað það var eitt smáatriði sem yrði að ganga frá: Viljayfirlýsing frá ríkisstjórninni að ganga í ESB og að hefja þá vegferð þegar í stað. Þá var mér nóg boðið. Við höfðum aldrei tekið afstöðu til inngöngu í ESB en við í BSRB höfðum tekið afstöðu til þess að þarna yrði opin umræða að fara fram. Það var hins vegar ekki á dagskrá þessa kvöldstund. Allt átti að vera klappað og klárt við sólarupprás. Þetta fannst mér vera tilraun til of-beldis. Af þessu varð hins vegar ekki – þakka veri BSRB.

Hverju ertu stoltastur af í starfi BSRB á rúmlega tveggja áratuga formannsferli þínum?

Ég er stoltastur af því hve kröftugt BSRB hefur verið í umræðu um stefnumótun í þjóðfélaginu og hve öflug samtökin hafa verið í vörn og sókn fyrir vel-

ferðarkerfið og almannarétt yfirleitt. Engin samtök hafa staðið vaktina betur í þessu efni en BSRB. Markvisst höfum við flutt inn þekkingu og örvað til umræðu um mikilvægi almannaréttar og almannabjónustunnar, afleiðingar einkavæðingar hvort sem er á vatni, rafmagni, pósti og síma eða í heilbrigðisþjónustunni. Þótt þáverandi stjórnarandstaða stæði sig vel á þingi gegn einkavæðingu vatnsins hefði ekkert gerst ef BSRB hefði ekki riðið á vaðið og skapað samstöðu með öllum helstu almannasamtökum í landinu um málefnið. En þegar árangurinn fór að skila sér inn í umræðuna var farið að tala um það í þinginu og víðar að verið væri að misnota BSRB pólitískt.

Var verið að því?

Nei, í stjórnartíð minni hefur það aldrei verið gert. Reyndar held ég að aldrei hafi svo verið. Þó hafa verið mjög pólitískir menn við stjórnvölinn í samtökunum. Ég nefni sjálfstæðismanninn Ólaf Björnsson og framsóknarmanninn Kristján Thorlacius. En allir forverar mínir voru stærri en svo að þeir reyndu

slíkt. Enda hefði BSRB aldrei látið misnota sig. Oft þótti BSRB senda frá sér afdráttarlaus skilaborð í pólitískum hitamálum sem snertu almannahag en hitt vita færri að aldrei fór neitt frá stjórninni nema allir stjórnarmenn stæðu að baki, allir. Það sem menn ekki vita er að BSRB endurspeglar gamla Ísland að því leyti að fólk úr öllum stjórnmálflokkum innan samtakanna vill öfluga almannabjónustu, réttaröryggi fyrir starfsfólkið, jöfnuð í þjóðfélaginu, opna stjórnarsýslu og lýðræði. Í baráttunni fyrir frjálsum einstaklingum í réttlátu lýðræðissamfélagi höfum við - félagarnir í BSRB - staðið sem einn maður hvernig sem við höfum verið á litinn pólitískt. Ég á þá ósk BSRB til handa að svo verði áfram um ókominn tíma.

Að lokum?

Ég óska nýjum formanni samtakanna velfarnaðar í starfi og öllum félögum í BSRB að sjálfsgöðu. Annars er ég ekkert farinn – ekki í andanum. Svo lengi sem hugsjónir og baráttumarkmið BSRB eru á sinum stað þá verð ég alltaf BSRB-ari. •



Vinnuvernd og áhættumat starfa

Vinnuvernd er mannréttindi

Vinnuvernd fjallar ekki um kaup og kaffitíma. Allt starfsfólk í landinu á rétt á öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi samanber Félagsmálasáttmála Evrópu, Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og Samþykktum Alþjóðavinnuálastofnunarinnar.

Áhættumat

Til að koma á skipulagðri vinnuvernd í fyrirtækjum er nú komið verkfæri í forni svokallaðs áhættumats. Allir atvinnurekendur þurfa að láta gera áhættumat fyrir sinn vinnustað.

Í grófum dráttum gengur áhættumatið út á að greina hættur í vinnuumhverfinu, skrá þær niður og meta áhættuna sem þeim fylgir. Síðan þarf gera áætlun um úrbætur. Úrbótum er svo forgangsraðað eftir áhættustigi.

Áhættumat krefst nýrrar hugsunar en aðferðafræðin hefur verið þekkt í þó nokkurn tíma. Frændur okkar Danir hafa framkvæmt áhættumat á vinnustöðum síðan 1993 og þjóðverjar síðan 1995.

Upphafið að gerð áhættumats má rekja til Evrópu, en rétt fyrir 1990 leiddu rannsóknir í ljós að vinnutengdum vandamálum

fækkaði ekki þar og það þurfti að leita nýrra leiða. Hugmyndafræðin gengur út á að virkja starfsmenn til að greina hættur og fyrirbyggja þær. En að sjálf-sögðu eru það starfsmennirnir sem best þekkja sinn vinnustað.

Vert er að benda á að áhættumat er ekki einungis gert til að fyrirbyggja slys og óhöpp heldur einnig til að koma í veg fyrir andlegt og líkamlegt álag, vanlíðan og heilsutjón.

Þúslmyndin, sem fylgir hér með, minnir okkur á

að við gerð áhættumats er mikilvægt að taka með alla þætti sem tengjast vinnuumhverfinu og framkvæmd vinnunnar.

Á heimasíðu Vinnueftirlitsins er mikið efni sem hægt er að nýta sér við gerð áhættumatsins, m.a. bæklingar og eyðublöð. Til eru vinnuumhverfisvisar eða gátlistar fyrir 33 starfsgreinar. Sýnt er útfyllt dæmi fyrir skrifstofuumhverfi sem hægt er að nýta sér til að komast í gang.

Markmið Vinnueftirlitsins

Gerð áhættumats fellur vel að markmiðum Vinnueftirlitsins sem m.a. er að efla forvarnir á vinnustöðum. Reynsla sýnir að jafnvel hættulegustu störf má skipuleggja þannig að áhættan sé í lágmarki.

Stefna Vinnueftirlitsins er að í lok 2012 sé meginþorri íslenskra fyrirtækja búin að gera áhættumat og hafi áætlun um forvarnir. Öryggisnefndir, öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir eiga að leiða skipulagt vinnuverndarstarf ásamt atvinnurekanda.

Vinnuslys vekja litla umræðu

Á síðasta ári varð erlent ferðafólk á



Langjöklí viðskila við aðra í hópnum en fannst heilu að höldnu nokkrum klukkustundum síðar. Atburðurinn vakti gífurlega athygli í þjóðfélaginu og mikið var fjallað um málið í fjölmiðlum landsins. Mjög mikið var rætt um hvernig koma mætti í veg fyrir að atburður sem þessi endurtaki sig. Fjöldinn allur af góðum tillögum komu fram m.a. markvissari undirbúningur og staðsetningarbúnaður í vélsleða. Til allra lukku varð ekki alvarlegt slys á fólki í þessari ferð. Þessi mikla umræða verður vonandi til þess að ferðabjónustuaðilar geri áhættumat fyrir allar sínar ferðir.

Aftur á móti er furðulítil umræða um banaslys við vinnu hér á landi, en á árunum 2006 – 2009 létu 18 manns lífið í vinnuslysum á Íslandi.

Að mínu mati verður þjóðfélagið að líta mjög gagnrýnum augum á alvarleg slys og dauðaslys við vinnu. Þessi mörgu vinnuslys sem verða hér á landi ættu að vekja meiri athygli og þar af leiðandi viðbrögð í þjóðfélaginu.

Slys og heilsutjón eru mannlegur harmleikur og það á ekki að vera viðsettanlegt að 9000 manns þurfa að leita aðstoðar vegna vinnuslysa á ári hverju.

Enn fremur sýna rannsóknir að enn fleiri verða fyrir heilsutjóni vegna atvinnusjúkdóma en vinnuslysa. Þannig að vandamálið er gríðarlega stórt.

Vinnuvernd er þjóðhagslega mikilvæg. Rannsóknir á Vesturlöndum sýna að allt að 3-4% landsframléiðslu glatast vegna heilsutjóns á vinnustöðum. Það samsvarar árlega 50-60 milljónum króna á Íslandi.

Slys og starfsstéttir

Tíðni og alvarleiki slysa er mismunandi eftir starfsstéttum. Haldið er utan um fjölda slysa í Slysaskráningu Íslands. Nú er boðið upp á þá nýjung inn á heimasíðu Vinnueftirlitsins að allir geta farið inn í Slysaskráninguna, valið og skoðað ýmsa tölfræði. Til dæmis er hægt að virða fyrir sér tíðni slysa eftir aldri, kyni, atvinnugreinum og tegund áverka.

Skráningin nær aftur til ársins 1986.

Á undanförunum árum hafa alvarleg vinnuslys verið langalgengust í byggingariðnaði og það eru helst ungir karlmenn sem verða fyrir slysum.

Samvinnuverkefni

Gerð skriflegs áhættumats er ný hér á landi og

hvet ég alla vinnustaði til að taka vel á móti eftirlitsmönnum okkar þegar þeir koma í heimsókn. Saman klárum við þetta verkefni eins og öll önnur. Það er um að gera að mikla þetta ekki fyrir sér. Aðgerðin er tiltölulega einföld en árangursrík. Áhættumatið hefur skilað góðum árangri í Evrópu og á án vafa eftir að gera slíkt hið sama hérlendis. Til að undirstrika mikilvægi áhættumats þá má nefna að Evrópska vinnuverndarstofnunin í Bilbao á Spáni hefur ákveðið að áhættumatið verði þema næstu tveggja vinnuverndarvikna sem haldnar eru í október árlega. Yfirskrift áttaksins 2010 – 2011 er Vinnuvernd er allra hagar – Fyrir þig og þinn vinnustað og verður lögð sérstök áhersla á Öruggi við viðhaldsvinnu. •



Leifur Gústafsson,
fagsjóni áhættumats
Vinnueftirlitið
leifur@ver.is

5 leiðir fyrir atvinnulausa 18–25 ára

Með átakinu **Ungt fólk til athafna** sem nýlega var ýtt úr vör af félags- og tryggingamálaráðuneytinu er markmiðið að aldrei skuli líða meira en þrjú mánuðir frá því að einstaklingur á aldrinum 18– 24 ára verður atvinnulaus þar til honum er boðið starf, námstækifæri, starfsþjálfun eða þáttaka í öðrum verðugum verkefnum.

Markmiðinu skal náð gagnvart fólki yngra en 25 ára fyrir 1. apríl 2010 og 1. september 2010 fyrir aðra.

Vinnuálastofnun stefnir að því að gera þetta í nánú samstarfi við stéttarfélag, fyrirtæki og sveitarfélög.



Settar hafa verið upp 5 leiðir sem til samans er ætlað að mynda yfir 2.000 ný starfs- eða námstækifæri fyrir ungt fólk:

1. allt að 450 ný námstækifæri í framhaldsskólum landsins fyrir ungt fólk án atvinnu
2. allt að 700 ný námstækifæri fyrir fólk án atvinnu til náms á vegum símenntunarstöðva og til aðfararnáms að frumgreinadeildum
3. allt að 450 ný starfsþjálfunarpláss og störf við áttaksverkefni á vegum félagasamtaka, sveitarfélaga og annarra
4. allt að 400 ný sjálfböðastörf
5. allt að 400 ný pláss á vinnustofum ásamt endurhæfi ngar- og meðferðarúræðum

Til að hrinda verkefninu í framkvæmd óskar Vinnuálastofnun eftir:

- hugmyndum um áttaksverkefni, sjálfböðastörf, menntunar- og meðferðarúræði
- sjálfböðaliðum til að starfa með ungu atvinnulausu fólki
- starfsþjálfunarplássum fyrir unga atvinnuleitendur hjá fyrirtækjum og stofnunum



Vinnan stór hluti af sjálfsmynd einstaklingsins

Þær Karen Björnsdóttir og Soffia Eiríksdóttir eru starfsmenn Styrktarsjóðs BSRB sem sjá um starfsendurhæfingarpjónustu við félagsmenn allra aðildarfélaganna BSRB. Þær hafa aðsetur í BSRB-húsinu að Grettisgötu 89 en þær voru ráðnar til starfa í byrjun september 2009. Auk þeirra eru ráðgjafar starfandi úti á landi sem sjá um ráðgjafarpjónustu við félagsmenn.

Þær sögðu að þegar þær hófu störf hafi starfsemi Starfsendurhæfingarsjóðsins verið nýtt fyrirbæri og þær því tekið virkan þátt í að móta ráðgjafarstarfið sem hafi verið mjög skemmtilegt og gefandi. Starfsemi Virk hófst á árinu 2008 og ráðgjafar á þeirra vegum höfðu lagt línurnar þegar Karen og Soffia hófu störf. Þær sögðu að ráðgjafar á vegum Virk hittust reglulega og bæru saman bækur og smám saman væri verið að móta og endurmeta verkferla í starfinu.

Soffia er hjúkrunarfræðingur, með meistaranám í lýðheilsufræði. Áður en hún hóf störf hjá Starfsendurhæfingarsjóðnum vann hún við erfiða hjúkrun. Karen er kennaramenntuð með meistaranám í náms- og starfsráðgjöf. Hún starfaði sem náms- og starfsráðgjafi við Háskólann í Reykjavík í sjö ár.

Um 70 manns hafa sótt ráðgjöf hjá þeim Karen og Soffiu síðan starfsemin hófst. Margir þeirra koma í reglulegar heimsóknir og aðrir fá eftirfylgd. Nokkrir þeirra sem hafa leitað aðstoðar eru útskrifaðir.

Ástæður fyrir því að fólk leitar sér starfsendurhæfingar eru mismunandi. Sumir eru enn í vinnu, aðrir í veikindaleyfi en enn í ráðningarsambandi og svo eru það einstaklingar sem hafa misst ráðningarsamband. Stoðkerfisvandamál eru algeng orsök þess að fólk leitar sér aðstoðar. Einnig er algengt að starfsgeta skerðist vegna slysa, auk þess sem andleg vanlíðan er algeng orsök skertrar starfsgetu.

Þær Karen og Soffia sögðu að sérhvert tilfelli væri einstakt og þyrfti því að leita mismunandi úrræða.

„Okkar lykiláhersla er á að aðstoða fólk við að komast aftur í vinnu eða halda ráðningarsambandi sé það enn til staðar. Okkar starf felst í því að aðstoða einstaklinginn við að efla starfsgetu sína, því vinnan er stór hluti af sjálfsmynd einstaklingsins.“

Þær segjast eiga gott samstarf við ýmsa aðila svo sem Vinnuálastofnun og fræðsluaðila eins og Starfsmennt enda getur menntun verið ein leið til að bæta starfshæfni einstaklingsins. Starf þeirra felst að hluta til í því að vera milligönguaðilar, hafa samband við meðferðaraðila fyrir viðkomandi einstakling. Oft þarf einnig að hafa samband við atvinnurekanda viðkomandi einstaklings því hann treystir sér ekki til þess. Þá þarf einnig að leiðbeina atvinnurekandanum um hvernig hann geti brugðist við vegna skertrar starfsorku viðkomandi.

„Þetta er mjög krefjandi en jafnframt gefandi starf,“ sögðu þær Karen og Soffia. Þær sögðu að mikilvægt væri að sýna viðkomandi einstaklingi samhygd en varast samt að taka vandamál hans inn á sig.

„Það er mikilvægast að fókusera á vinnuna sem meginatriði fyrir þá sem leita til okkar og beina fólkinu til réttra meðferðaraðila. Ef reynsla þessa fólks kemur ekki við okkur, þá eigum við ekkert erindi í þetta starf,“ sögðu þær að lokum. •



STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Stefna Starfsendurhæfingarsjóðs er að:

- skipuleggja ráðgjöf og þjónustu fyrir starfsmenn sem veikjast til lengri tíma eða slasast þannig að vinnugeta skerðist
- stuðla að snemmbæru inngripi með starfsendurhæfingarráðum í samstarfi við sjúkrasjóði og atvinnurekendur
- fjármagna ráðgjöf og fjölbreytt endurhæfingarráði sem miða að aukinni virkni starfsmanna sem búa við skerta vinnugetu til viðbótar því sem þegar er veitt af hinni almennu heilbrigðisþjónustu í landinu
- stuðla að fjölbreytni og auknu framboði úrræða í starfsendurhæfingu
- byggja upp og stuðla að samstarfi allra þeirra aðila sem koma að starfsendurhæfingu viðkomandi einstaklinga
- hafa áhrif á viðhorf og athafnir í samfélaginu til að stuðla að aukinni virkni starfsmanna
- styðja við rannsóknir og þróunarvinnu á sviði starfsendurhæfingar.

Meginverkefni Starfsendurhæfingarsjóðs eru að:

- skipuleggja og hafa umsjón með störfum ráðgjafa sem starfa aðallega á vegum sjúkrasjóða stéttarfélaganna og munu aðstoða einstaklinga sem þurfa á endurhæfingu að halda. Starfsendurhæfingarsjóður greiðir kostnaðinn af störfum ráðgjafanna ásamt því að hafa umsjón og eftirlit með starfi þeirra og veita þeim faglegan stuðning. Sérstök áhersla er lögð á snemmbært inngrip með starfsendurhæfingarráðum í samstarfi við sjúkrasjóði og atvinnurekendur
- greiða kostnað af ráðgjöf ýmissa fagaðila um mótun sérstakrar einstaklingsbundinnar endurhæfingaráætlunar, s.s. lækna, sálfræðinga, iðjuþjálfra, sjúkraþjálfra, félagsráðgjafa, náms- og starfsráðgjafa o.s.frv.
- greiða fyrir kostnað við úrræði og endurhæfingu með áherslu á að auka vinnugetuna, til viðbótar því sem þegar er veitt af hinni almennu heilbrigðisþjónustu í landinu.

Önnur verkefni Starfsendurhæfingarsjóðs eru að:

- stuðla að aukinni fjölbreytni og framboði úrræða í starfsendurhæfingu
- byggja upp og stuðla að samstarfi allra þeirra aðila sem koma að starfsendurhæfingu
- hafa áhrif á viðhorf og athafnir í samfélaginu sem stuðla að aukinni virkni einstaklinga
- styðja við rannsóknir og þróunarvinnu á sviði starfsendurhæfingar.

Hlutverk Starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku, með aukinni virkni, eflingu endurhæfingar og öðrum úrræðum.



Ómetanleg hjálp

„Mig langaði að verða aftur virkur þátttakandi í lífinu, en ég gat ekki lengur gegnt gamla starfinu mínu. Stéttarfélagið mitt benti mér á Starfsendurhæfingarsjóð og þótt ég vissi lítið hvaða hlutverki hann gegndi þá fannst mér ekki saka að tala við ráðgjafa. Mig grunaði ekki að ég fengi svona mikla aðstoð. Ráðgjafinn fór bókstaflega yfir allt með mér; hvort mig langaði að mennta mig meira, ég fékk aðstoð við að byrja í líkamsrækt, geðhjúkrunarfræðingur kemur í heimsókn til mín vikulega, fjármál fjölskyldunnar voru tekin í gegn og svona mætti lengi telja. Í mínu tilviki virðist hreinlega enginn vandi, sem þessir ráðgjafar geta ekki hjálpað mér að leysa úr. Það er algjörlega ómetanlegt að fá svona hjálp.“

Hjördís E. Þorkelsdóttir er rúmlega fertug, gift og fjögurra barna móðir. Hún starfaði sem sjúkraliði á Hrafnistu í Hafnarfirði, en þegar gigtarsjúkdómur fór að herja á hana varð hún að hætta störfum. Sjúkraliðafélag Íslands benti henni á að leita til starfsmanna Virk í BSRB húsínu, þeirra Soffíu og Karenar. •

Orlofshús **BSRB** í Borgarbyggð

BSRB er með 22 orlofshús í Borgarbyggð, en svæðið er í um 22 km fjarlægð frá Borgarnesi. Það eru 17 hús í Stóruskógum og 5 hús í Munaðarnesi.

Í Munaðarnesi er þjónustumiðstöð fyrir allt orlofshúsasvæðið og þar eru umsjónarmenn svæðisins staðsettir. Í þjónustumiðstöðinni eru afhentir lykklar af húsunum og þar er einnig rekið veitinga- og kaffihús. Þjónustumiðstöðin er opin mánudaga til föstudaga frá kl. 10-22, á laugardögum frá kl. 10-24 og á sunnudögum frá kl. 12-20. Ef leigjandi getur ekki komið í húsið á þeim tíma sem þjónustumiðstöðin er opin er áriðandi að haft sé samband við umsjónarmann í síma 525 8440.

Leigjandi getur komið í húsið eftir kl. 15 á föstudegi og þarf að skila

því af sér kl. 12 á hádegi viku síðar. Leigjandi ber ábyrgð á öllum búnaði hússins á meðan á leigutíma stendur og skuldbindur sig að bæta tjón sem verða kann af hans völdum, eða þeirra sem dveljast á hans vegum í húsinu. Við brottför skal þrifa húsið.

Leigjandi þarf að taka með sér salernispappír, handsápu og sjampó, sængurfatnað (lín) og lök, handklæði, diskapurkur, borðtuskur, plastpoka, eldhúsrúllur, kaffipoka (filter), kol, kerti og eldspýtur, álpappír, krydd, sykur og olíu til steikingar.

Gæludýr eru stranglega bönnuð á orlofshúsasvæðunum – það gildir líka um gæludýr gesta.

Reykningar eru stranglega bannaðar í húsunum.

Félagsmenn í BSRB geta sótt um húsin á heimasíðu BSRB, bsrb.is



Stóruskógar

BSRB er með 17 hús í Stóruskógum. Útsýni frá húsunum er stórkostlegt yfir allan Borgarfjörðinn og er það rammað inn af Eiríksjökli í norðaustri og Skarðsheiði og Skessuhorni í suðaustri. Húsin eru um 54 fermetrar að stærð með þrem svefnherbergjum. Svefnpláss er fyrir 6, þ.e. eitt herbergið er með tvíbreiðu rúmi og hin með kojum fyrir tvo. Í húsinu eru tvær aukadýnur.

Í húsunum er auk þess eldhús, stofa og baðherbergi með sturtu. Í eldhúsinu er að finna öll algeng eldhúsáhöld og rafmagnntæki, svo sem eldavél með ofni, ísskáp, kaffivél, brauðrist og fleira. Borðbúnaður og áhöld eru fyrir átta. Þá er heitur pottur og góð verönd fyrir utan húsin. Húsinu fylgir kolagrill.

Víkuleiga er kr. 21.000.-



Munaðarnes

BSRB er með 4 lítil hús í Munaðarnesi í fallegu kjarri vöxnu umhverfi rétt ofan við Norðurá. Húsin eru um 35 fermetrar að stærð með einu svefnherbergi. Svefnpláss er fyrir 2-3, þ.e. fyrir 2 í tvíbreiðu rúmi og fyrir einn í stofu. Í húsunum er auk þess eldhús, stofa og baðherbergi með sturtu. Í eldhúsinu er að

finna öll algeng eldhúsáhöld og rafmagntæki, svo sem eldavél með ofni, ísskáp, kaffivél, brauðrist og fleira. Borðbúnaður og áhöld eru fyrir fjóra. Þá er heitur pottur og góð verönd fyrir utan húsin. Húsinu fylgir kolagrill.

Vikuleiga er kr. 15.000.-



Reynihlíð í Munaðarnesi

BSRB er með eitt veglegt hús í orlofshúsabyggðinni í Munaðarnesi sem hentar til útleigu fyrir minni hópa eða stærri fjölskyldur. Húsið eru um 135 fermetrar að stærð með fjórum svefnherbergjum. Svefnpláss er fyrir 8-10 manns, en einnig eru aukadýnur í húsinu. Í húsunum er auk þess eldhús, stofa og baðherbergi með sturtu. Í eldhúsinu er að

finna öll algeng eldhúsáhöld og rafmagntæki, svo sem eldavél með ofni, ísskáp, kaffivél, brauðrist og fleira. Borðbúnaður og áhöld eru fyrir sextán, auk spariborðbúnaðar fyrir 20 í stofu. Þá er heitur pottur og góð verönd fyrir utan húsin. Húsinu fylgir kolagrill.

Vikuleiga er kr. 35.000.-

Fyrstu hóparnir útskrifaðir úr trúnaðarmannanámi BSRB og FA

Fyrsta útskrift úr trúnaðarmannanámi BSRB og Félagsmálaskóla alþýðu var í mars sl. Þá útskrifuðust í tveimur hópum 18 trúnaðarmenn.

Flestir þeirra sem luku náminu höfðu stundað það í fimm annir, en trúnaðarmannanámið hófst vorið 2008. Hver áfangi var þriggja daga nám nema síðasta önnin var í tveimur áföngum og voru þeir samtals fimm dagar. Sumir luku náminu á skemmri tíma og tóku þá fleiri en einn áfanga á önn.

Trúnaðarmannanámið er mjög fjölbreytt og er komið inn á flesta þætti sem varða störf trúnaðarmanna fyrir samstarfsmenn sína og stéttarfélag. Námið veitir 10 einingar á framhaldsskólastigi og var að heyrta á mörgum þeirra sem luku náminu í mars að þeir hyggðust nýta þær til að ljúka námi í framhaldsskóla.

Um 100 manns hafa verið í trúnaðarmannanáminu á vorönn 2010 og næsta haust verður boðið upp á alla sex áfangana í trúnaðarmannanámínu. •



Hópurinn sem útskrifaðist 2. mars ásamt kennurum og aðstandendum námsins.



Hópurinn sem útskrifaðist 12. mars ásamt Elínu Björgu Jónsdóttur formanni BSRB, Jakobínu Þórðardóttur formanni fræðslunefndar BSRB og Sigurlaugu B. Gröndal verkefnastjóra hjá Mími.




Menningarhátíð í Munaðarnesi

Opnuð verður sýning á verkum
Elvars Guðna Þórðarsonar
í þjónustumiðstöðinni í Munaðarnesi í
Borgarfirði laugardaginn 22. maí kl. 14

South River Band leikur
Boðið er upp á veitingar

Sýningin á verkum Elvars Guðna Þórðarsonar
verður opin til 1. október

Námskeið og þjónusta við stofnanir



Fræðslusetrið Starfsmennt býður ríkisstarfsmönnum upp á starfstengda símenntun og veitir stofnunum heildstæða þjónustu á sviði starfsþróunar. Þjónusta Starfsmenntar er sérsniðin að þörfum þátttakenda um allt land í krafti faglegs samstarfsnets og öflugs vefkerfis. Starfsmennt er samstarfsvettvangur starfsmanna og stjórnenda þar sem unnið er að þróun þekkingar og þjálfunar í þágu einstaklings og samfélags.

www.smennt.is

VOR 2010



Lausir samningar há fimm aðildarfélögum BSRB

Fimm aðildarfélög BSRB eru enn með lausa samninga. Þetta eru Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Landssamband lögreglumanna og Tollvarðafélag Íslands sem öll felldu kjarasamninga sem undirritaðir voru í tengslum við stöðugleikasáttmálann. Sjúkraliðafélag Íslands var ekki aðili að stöðugleikasáttmálanum og undirritaði því ekki kjarasamningana sumarið 2009. Fimmta félagið er Félag íslenskra flugumferðarstjóra en eins og kunnugt er var hótað lögum á boðaðar aðgerðir félagsins til að knýja á um samninga.

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Sverrir Björn Sverrisson, formaður Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, sagði að félagið hefði verið með lausa samninga síðan í júlí 2009, að félagsmenn felldu samningana sem undirritaðir voru í tengslum við stöðugleikasáttmálann með 85 prósentum.

Góð þátttaka var í atkvæðagreiðslunni að sögn Sverris Björns og var ástæða þess að menn felldu samninginn sú að launasamsetning félagsmanna í LSS er talsvert öðruvísi en hjá öðrum aðildarfélögum BSRB og því hafi samningurinn ekki skilað félagsmönnum neinu.

Deilunni var vísað til ríkissáttasemjara í kjölfarið og hafa verið haldnir fimm fundir með Launafund Sambands íslenskra sveitarfélaga en ekkert hefur miðað í samkomulagsátt.

Sverrir Björn sagði að þung undiralda væri komin í félagsmenn sem væru ekki sáttir við að vera samningslausir.

Tollvarðafélag Íslands

Tollvarðafélag Íslands felldi samningana sumarið 2009 með 55% atkvæða. Ástæðan þess var, að sögn Ársæls Ársælssonar formanns TFÍ, að samningarnir færðu tollvörðum engar hækkanir við undirritun og smávægilegar árið 2010.

„Þessir samningar komu í kjölfar þess að skorið hafði verið verulega niður í rekstri og aukavinnu þannig að laun höfðu lækkað talsvert,“ sagði Ársæll.

Deilunni hefur ekki verið vísað til ríkissáttasemjara og samninganefndirnar hafa einungis fundað tvisvar. Sagði Ársæll að menn hefðu ræðst óformlega við um páskana og er ráðgert að halda samningafund fljótlega.

Landssamband lögreglumanna

Landssamband lögreglumanna felldi undirritaðan kjarasamning í ágúst 2009 með 91% greiddra atkvæða. Snorri Magnússon, formaður LL, sagði að rétt áður en gengið var til samninga hefði

verið felld úr gildi 15.000 króna álagsgreiðsla til lögreglumanna á mánuði. Það hefði hleypt mjög illu blóði í menn.

„Við stóðum í þeirri meiningu að ekki yrði hróflað við launum sem menn hefðu þótt við gerðum okkur grein fyrir því að lítið svigrúm væri til launahækkana. Á þeirri forsendu fórum við í vinnuna að stöðugleikasáttmálanum og gerð samninga í kjölfar hans. Þetta voru mjög slæm mistök hjá stjórnvöldum að hætta að greiða þessar álagsgreiðslur. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar kom mér því ekki á óvart,“ sagði Snorri.

Snorri sagði að deilunni hefði strax verið vísað til ríkissáttasemjara og hafa sex fundir verið haldnir en samninganefnd ríkisins hefur ekki umboð til þess að semja um neitt annað en þegar hefur verið fellt. Samningunum hefur því ekki miðað neitt.

Að sögn Snorra er mikill kurr og reiði meðal lögreglumanna. Auk þess sem þessi sérstaka álagsgreiðsla var tekin af þeim hefur niðurskurður við embætti lögreglumanna verið mikill sem hefur m.a. haft í för með sér minnkandi yfirvinnu og þar af leiðandi lækkuð heildarlaun hjá lögreglumönnum.

Þá standa nú yfir skipulagsbreytingar hjá lögreglunni og er tilgangur þeirra m.a. að fækka yfirmannastöðum innan lögreglunnar. Það dregur verulega úr möguleikum manna á stöðuhækkunum.

„Þessar breytingar hafa líka haft í för með sér þreytu og reiði innan raða okkar,“ sagði Snorri.

Á síðasta fundi samninganefndanna var ákveðið að vísa deilunni í sérstakan gerðardóm sem skipaður er einum fulltrúa frá LL, einum frá samninganefnd ríkisins og einum frá Ríkissáttasemjara. Úrskurður dómsins er bindandi fyrir báða aðila og á hann að liggja fyrir eigi síðar en í maílok.

Sjúkraliðafélag Íslands

Sjúkraliðafélag Íslands var ekki aðili að stöðugleikasáttmálanum og því ekki aðili að samningunum sem undirritaðir voru í kjölfarið. Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður SLFÍ, sagði ástæðuna fyrir því vera að í samningunum 2008, þar sem samið var um krónutölu, hefðu sjúkraliðar orðið undir. Þá töldu sjúkraliðar að með því að taka þátt í viðræðum um stöðugleikasáttmálann gætu þeir ekki komið sínum sértaeku málum að.

Samningar SLFÍ hafa verið lausir frá ágústlokum 2009. Þegar ljóst var að þeir yrðu ekki aðilar að

samningunum sumarið 2009 áttu fulltrúar þeirra tvo fundi með fjármálaráðuneytinu. Í framhaldi af þeim ákváðu sjúkraliðar að vísa deilunni til Ríkissáttasemjara.

Kristín sagði að reglulegir fundir hefðu verið haldnir hjá honum en ekkert þokast í samkomulagsátt.

„Við höfum þó getað lagt fram gögn á þeim fundum til að sýna samanburð á stöðu stéttarinnar við aðrar sambærilegar stéttir og þau hafa ekki verið vefengd.“

Síðasti fundur SLFÍ og samninganefndar ríkisins hjá Ríkissáttasemjara var haldinn 14. apríl. Í framhaldi af þeim fundi hafði Ríkissáttasemjari samband við deiluaðila og gerði þeim grein fyrir að fundir myndu liggja niðri til loka maí. Þá ætti niðurstaða gerðardóms í kjaradeilu lögreglunnar að liggja fyrir og er beðið eftir henni.

Kristín sagði að tilboðið sem lá fyrir sl. sumar væri enn óbreytt. Það hefði ekki skilað neinu til félagsmanna SLFÍ fyrr en í júní nk.

Félag íslenskra flugumferðarstjóra

Félag íslenskra flugumferðarstjóra hefur verið með lausa samninga frá 1. nóvember 2009. Að sögn Ottó Eiríkssonar, formanns félagsins, strönduðu viðræðurnar við samninganefnd Samtaka atvinnulífsins, sem semur fyrir hönd Flugstoða við félagið, á því að ekki var boðið upp á neitt. Viðræðunum var því skotið til Ríkissáttasemjara strax í desember og hjá honum voru haldnir hátt í tuttugu fundir.

Eftir að lög voru sett á löglega boðaðar verkfallsaðgerðir félagsins hafa einungis verið haldnir tveir fundir.

Ottó sagði að félagið væri búið að samþykkja að fara í yfirvinnubann og er nú verið að undirbúa það, enda hefur ekkert nýtt komið fram hjá viðsemjendum félagsins.

„Félagsmenn eru mjög óhressir og krefjast kjara-bóta á sömu nótum og flugmenn hafa samið um,“ sagði Ottó. •

Netgreiðsluþjónusta
– fyrir einstaklinga og fyrirtæki!



„Einfaldaðu þér fjármálastjórnunina með netgreiðsluþjónustu Byrs – betri yfirsýn, enginn kostnaður.“


BYR
SPARISJÓÐUR

Lifandi starf á vegum BSRB

Mikið starf á sér stað í ýmsum nefndum og starfshópum á vegum BSRB. Þar er fjallað um ýmis mál sem varða innra starf bandalagsins, réttinda- og kjaramál félagsmanna og bryn samfélagsmál.

Fastanefndir bandalagsins eru fimm. Það er fræðslunefnd, réttindanefnd, heilbrigðis- og velferðarhópur, jafnréttisnefnd og lífeyrissjóðsnefnd. Þessar nefndir eru með fasta fundi mánaðarlega en eru auk þess kallaðar saman þess á milli ef þörf krefur.

Hlutverk heilbrigðis- og velferðarhópsins er að fylgja eftir áherslum 42. þings BSRB í ályktun þingsins um opinbera almannajónustu og ályktun um nýsköpun í almannajónustu, ásamt ályktun um félagsmál. Hlutverk hópsins er einnig að vera leiðbeinandi fyrir stjórn um heilbrigðis- og velferðarmál. Hópurinn á að afla upplýsinga um aðstæður félagsmanna BSRB sem starfa innan almannajónustunnar og fylgjast með umræðum og vera bakland fyrir Velferðarvakt ríkisstjórnarinnar þar sem BSRB á fulltrúa. Stjórn og/ eða framkvæmdanefnd BSRB getur falið heilbrigðis- og velferðarhópnum önnur verkefni eftir þörfum.

Hlutverk fræðslunefndar er að halda utan um trúnaðarmannafræðslu og aðra félagslega fræðslu á vegum BSRB. Jafnframt ber fræðslunefnd að fylgja eftir áherslum 42. þings BSRB í ályktun þingsins um fræðslumál. Stjórn og/ eða framkvæmda-

nefnd BSRB getur falið fræðslunefnd önnur verkefni eftir þörfum. Meðal verka sem fræðslunefnd er að vinna að um þessar mundir er að undirbúa fræðslufni um vinnumarkaðinn fyrir ungt fólk.

Hlutverk réttindanefndar er að taka til skoðunar erindi sem stjórn eða einstök aðildarfélög vísa til hennar. Fulltrúar BSRB sem skipaðir eru í nefndir og ráð um réttindamál á vegum bandalagsins geta leitað liðsinnis réttindanefndar við vinnslu gagna og skal nefndin vera þeim til ráðgjafar sé eftir því leitað. Nefndin getur einnig að eigin frumkvæði tekið til athugunar mál sem snerta sameiginlega hagsmuni. Niðurstöður réttindanefndar eru ráðgefandi.

Hlutverk jafnréttisnefndar er að fylgja eftir áherslum 42. þings BSRB í ályktun þingsins um jafnréttismál og ályktun þingsins um mansal. Hlutverk nefndarinnar er einnig að vera leiðbeinandi aðili fyrir stjórn í jafnréttismálum. Stjórn eða framkvæmdanefnd BSRB getur falið jafnréttisnefnd önnur verkefni eftir þörfum. Eitt af verk-

efnum nefndarinnar í vetur hefur verið að vinna að kynjabókhalda fyrir BSRB og aðildarfélögin.

Lífeyrissjóðsnefnd BSRB er samráðsvettvangur fulltrúa BSRB í stjórnnum lífeyrissjóða opinberra starfsmanna, en það eru lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga og Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda.

Auk þessara fastanefnda BSRB eru myndaðir starfshópar til að fjalla um einstök mál. Þannig var kallaður saman sérstakur rýnihópur til að fjalla um rannsóknarskýrslu alþingis á bankahruninu. •



Golfvöllurinn Glanni

Félagsmenn í BSRB fá 50% afslátt á golfvöllinn Glanna

Á það það við um alla félagsmenn BSRB en ekki einungis þá sem dvelja í orlofsbyggðinni í Munaðarnesi

Golfvöllurinn Glanni er staðsettur í einungis 9 kílómetra fjarlægð frá orlofshúsbyggðinni í Munaðarnesi og því tilvalið fyrir golfáhugamenn innan BSRB að nýta sér þessa aðstöðu.

Völlurinn er í einstöku umhverfi, grænar flatir innrammaðar af úfnu Grábrókarhrauni og fjallasýnin stórbrotin þar sem drottningin Baula vakir yfir sveitinni





Framvegis miðstöð um símenntun býður sérsniðin símenntunarnámskeið fyrir félög innan BSRB. Miðstöðin býr yfir mikilli reynslu á þessu sviði, býður persónulegt en faglegt viðmót sem og samstarf á vettvangi fagráða Framvegis. Góð aðstaða til námskeiðahalds er í húsnæði Framvegis að Skeifunni 11b þar sem hægt er að kenna í gegnum fjarfundabúnað. Einnig bjóðum við námskeið kennd á Internetinu í netnámi.

Hjá Framvegis eru fjölbreytt fagnámskeið í boði sem þróuð hafa verið innan fagráða Framvegis í samvinnu við fagfélög innan félags- og heilbrigðisgeirans sem og annarra stétta. Á heimasíðu Framvegis er hægt að skoða úrval námskeiða sem boðið hefur verið upp á í vetur.

Námskeiðsflokkar:

Sérsniðin námskeið fyrir sjúkraliða

Sérsniðin námskeið fyrir starfsfólk í félagsþjónustu

Sérsniðin námskeið fyrir tanntækna og aðstoðarfólk tannlækna

Sérsniðin námskeið fyrir starfsfólk í þjónustu og skrifstofustörfum

Fræðsla á ferð - sérsniðin námskeið fyrir stofnarnir og fyrirtæki

Námskeið í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni

Traustur sjóður, örugg samfylgd

Hlutverk LSR er að taka á móti iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau í sameiginlegum sjóði til að greiða elli-, örorku-, maka- og barnalífeyri.

Séreign LSR tekur við frjálsum viðbótarsparnaði sjóðfélaga. Hvort sem þú greiðir í A- eða B-deild LSR ætti framlag í Séreign LSR að vera eðlileg viðbót.

Á vef LSR, www.lsr.is, geta sjóðfélagar nálgast yfirlit og séð heildarstöðu lífeyrisréttinda sinna og iðgjaldaskil launagreiðenda.

www.lsr.is



Bankastræti 7 • 101 Reykjavík
Sími: 510 6100 • Fax: 510 6150
sereign@lsr.is • www.lsr.is